

JÓN VIGFÚS GUÐJÓNSSON

Refurinn mun betri á bragðið en mávurinn

• matur • heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



SIGRÍÐUR ARNARDÓTTIR

Saknar ekki sjónvarpsins

FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



HUGI HALLDÓRSSON

Áhættuleikari í Bláa lóninu

Aðstoðar poppstjórnum James Morrison

FÓLK 34



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. janúar 2009 — 8. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Böðvarsvaka

Böðvar Guðmundsson rithöfundur er sjötugur í dag og af því tilefni verður meðal annars efnt til listavöku í Íslensku óperunni á sunnudaginn.

TÍMAMÓT 20



Spilling í Brussel

„Valdi verður að fylgja aðhald. Því miður virðist slíkt aðhald vera enn minna í Brussel en Reykjavík“, skrifar Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Í DAG 16

Fær feitan STEF-tékka

Toggi átti langvinsælasta lag síðasta árs á Íslandi.

FÓLK 26


Óvænt í Garðabæ

Stjarnan skellti Grindavík óvænt í fyrsta deildarleik liðsins undir stjórn Teits Örylgssonar.

ÍPRÓTTIR 30




VEÐRIÐ Í DAG



KÓLNANDI Í dag verður lengst af fremur hæg suðlæg átt en hversir sunnan til með kvöldinu. Skúrir eða él sunnan- og vestanlands og norðvestan til síðdegis. Hiti 0-7 stig með ströndum, mildast syðst.

VEÐUR 4



Fréttablaðið er með 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft... alla daga

Rauði krossinn segir Ísraela brjóta alþjóðalög:

Ísraelar hindruðu aðgang að særðum

ÍSRAEL, AP Alþjóðlegi Rauði krossinn bar í gær fram harðar ásakanir á Ísraela. Meðal annars eru ísraelskir hermenn sagðir hafa tafið fyrir því að hægt væri að koma særðum Palestínúmonnum til hjálpar. Auk þess hafi björgunarfólk verið hindrað í því að fara inn í nokkur íbúðarhús í Zaytun-hverfi í Gazaborg þar sem fjögur ung börn fundust lifandi við hliðina á látnum mæðrum sínum.

Ísraelskir embættismenn segja tafirnar stafa af því að bardagar hafi geisað í næsta nágrenni hússins, en talsmenn Rauða krossins segja framferði hersins hneykslanlegt og alls ekki ásættanlegt.

„Ísraelsher hlýtur að hafa gert sér grein fyrir ástandinu en kom hinum særðu ekki til hjálpar,“ sagði Pierre Wettach í yfirlýsingu Rauða krossins. „Enn fremur gerði hann hvorki okkur né palestínska Rauða hálfmánum kleift að aðstoða hina særðu.“

Björgunarfólk fékk loks í gær leyfi til að fara inn í Zaytun-hverfið, fjórum dögum eftir að loftárás var gerð á svæðið. Í þremur húsum fundust fimmtán lík og átján særðar manneskjur,

þar á meðal börn sem voru of máttfarin til að geta staðið upp.

Herinn neitaði björgunarfólki engu að síður um að fara inn í fleiri hús á þessu svæði, þrátt fyrir að þar sé að öllum líkindum að finna fleira fólk sem liggja í blóði sínu.

Rauði krossinn segir að „í þessu tilviki hafi Ísraelsher ekki sinnt skyldum sínum samkvæmt alþjóðlegum mannréttisáttum um að hlúa að og flytja á brott særða“.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna (SP), fordæmdi árás Ísraelsmanna á bílalest SP í gær. Farið verði fram á ítarlega rannsókn á árásinni en tveir létu lífið í henni. Ban Ki-moon hvetur til þess að tafarlausu vopnahléi verði komið á. Hjálparstofnun SP hefur hætt starfsemi á Gaza vegna árásu Ísraelsmanna.

Nokkur hundruð manns söfnuðust saman fyrir utan sendiráð Bandaríkjanna við Laufásveg í gær til að mótmæla stöðningi Bandaríkjanna við árásir Ísraela. Félagið Ísland-Palestína stóð fyrir mótmælunum undir yfirskriftinni „Sýnum samstöðu – stöðvum fjöldamorðin.“

- gb, kóp



BLÓÐI DRIFIN DÚKKA Í BETLEHEM Mótmælendur í Betlehem halda á dúkku í blóðugum reifum til að minnst þeirra barna sem látist hafa í árásum Ísraelsmanna á Gaza.

NORDICPHOTOS/AFP

Niðurfelling ábyrgðar lögleg segir prófessor

Ákvörðun um að fella niður persónulegar ábyrgðir starfsmanna gamla Kaupþings á lánnum til hlutabréfakaupa var lögleg, að mati lagaprófessors. Rætt er um að lánin verði gerð upp á móti hlutabréfum á gengi þeirra fyrir hrun bankans.

VIÐSKIPTI Ákvörðun stjórnar Kaupþings um að fella niður persónulegar ábyrgðir starfsmanna af lánnum til að kaupa hlutabréf í bankanum, var í samræmi við lög, að mati Viðars Más Matthíassonar, prófessors í lögum við Háskóla Íslands.

Nýja Kaupþing fékk hann til þess að vinna álitserð um hvernig fara eigi með lánin. Fréttablaðið hefur undir höndum niðurstöðukafla álitserðarinnar, en hún mun í heild vera tugir blaðsíðna.

Álitserðin lá fyrir í nóvember, en Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Kaupþings, væntir þess að málið verði til lykta leitt fyrir mánaðamót.

Niðurstöður Viðars Más eru í

grófum dráttum þær að ákvörðunin frá 25. september hafi verið lögleg en að hugsanlega megi rifta henni á grundvelli gjaldþrotalaga. Þá vakni spurningin um hvernig skyldu starfsmannsins til þess að greiða lánið sé háttáð.

Viðar Már segir að meta verði heildarfjárhæð láns til starfsmannsins, uppreiknað miðað við 25. september. Frá þeirri fjárhæð verði að draga verðmæti hlutfjárins miðað við gengi hluta í Kaupþingi þann dag. Þá var gengi hluta í bankanum 755 krónur á hlut.

Samkvæmt upplýsingum frá Kaupþingi var verðmæti hlutfjárins hjá stórum hluta starfsmanna meira en sem nam

skuldinni við bankann, en bréfin urðu verðlaus við fall bankans í byrjun október.

Starfsmenn gamla Kaupþings fengu um 50 milljarða króna að láni hjá bankanum til þess að kaupa í honum hlutabréf.

Fram hefur komið að niðurfelling ábyrgðanna hafi verið gerð til þess að koma í veg fyrir að lykilstarfsmenn seldu hluti sína. Það hefði haft slæm áhrif á stöðu bankans.

Helgi Sigurðsson, yfirlögfræðingur Kaupþings, sagði við Fréttablaðið í byrjun nóvember að ákvörðun stjórnarinnar 25. september hefði byggst á álit frá sér og hafi verið á sína ábyrgð.

- ikh

Nýr veitingastaður í Reykjavík: Býður upp á nepalskan mat

FÓLK „Okkar markmið er að opna þrjá veitingastaði á Íslandi,“ segir Deepan Panday, rekstrarstjóri og yfirmatreiðslumaður á nýjum nepölskum veitingastað, Kitchen, sem verður opnaður í næstu viku á Laugavegi 60. Panday er fæddur í Nepal. Hann flutti fyrir sex mánuðum til Íslands og ætlar nú að bjóða upp á ýmsar nýjungar á veitingastað sínum. - ag / sjá síðu 34

6 tommu bátur
Skinku bátur
SUBWAY
329 kr.
Gildir í janúar 2009
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnunni!

+TEMPUR
- tilboðsdagar

+TEMPUR Heilsurúm
Stærð: 160x200
Verð kr. 245.800,-
Tilboð kr. 193.640,-

Betra BAK

SPURNING DAGSINS



Magnús, var hann ekki bara draugfullur ljósmyndarinn?

„Um það er ekkert hægt að segja, og kemur efni myndarinnar ekki við. Ólíklega þó var hann drukinn.“

Bandaríski lögmaðurinn Stuart Peacock náði dularfyllri þoku í Hólavalla-kirkjugarði á ljósmynd. Magnús Skarphéðinsson, formaður Sálarannsóknafélags Reykjavíkur, segir allmargar sannfærandi röksemdir benda til þess að myndin sé af draug.



MÓTMÆLENDUM HEILSAÐ Stefán Eiríksson lögglustjóri heilsaði upp á Evu Hauksdóttur og anarkista á fundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Húsfyllir á fundi í Iðnó:

Aðferðafræði mótmæla rædd

BORGARAFUNDUR Er borgaraleg óhlýðni réttlætun og hvernig á að haga sér í mótmælum? Þessar spurningar voru ræddar á borgarafundi í Iðnó í gær fyrir fullu húsi.

Frummælendur voru Hörður Torfason tónlistarmaður, Eva Hauksdóttir verslunareigandi, nafnlaus grímuklæddur anarkisti og Stefán Eiríksson lögglustjóri. Eva sagði að borgaraleg óhlýðni væri leið valdlauss almennings til mótmæla en Stefán Eiríksson sagði hana lögbrot.

- kóp

Skiluðu reikningum seint:

Kauphöllin áminnir RÚV

VIÐSKIPTI Kauphöllin hefur sent Ríkisútvarpinu ohf. opinbera áminningu vegna þess hve seint ársreikningar fyrir tvö tímabil á árinu 2007 bárust. Það er brot á reglum Kauphallarinnar.

„Það voru mikil vandræði með stofnefnahagsreikninginn og það var sérstakt hvað ríkisendurskoðun, fjármálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti voru lengi að koma sér saman um hvernig þetta ætti að líta út,“ segir Ómar Benediktsson, stjórnarformaður RÚV. „Þetta er því réttmæt ábending, þó ég skilji ekki hví áminningin kemur núna.“

- kóp

Félag hrefnuveiðimanna vill fá að veiða nokkur hundruð hrefnur:

Segjast getað selt þúsund hrefnur

SJÁVARÚTVEGUR Gunnar Bergmann Jónsson, framkvæmdastjóri Félags hrefnuveiðimanna, segir félagsmenn bjartsýna á að sjávarútvegsráðherra veiti veiðheimild á að minnsta kosti 200 hrefnum á þessu ári, jafnvel 400. Í fyrra hljóðaði heimildin einungis upp á 40 dýr en Gunnar segir allt aðrar forsendur vera uppi nú. „Það var einungis veitt fyrir innanlandsmarkað en nú er verið að hugsa um að selja um 90 prósent af öllu kjötinu til Japans. Eftirspurnin er svo sannarlega til staðar, við gætum hæglega selt kjöt af 1.000 dýrum ef við fengjum að veiða þau,“ segir hann. „Það er því kominn tími til að fara

að gera þetta af alvöru,“ bætir hann við.

Hann segir að ef Einar Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra fari eftir því sem Hafrannsóknastofnun hefur lagt til undanfarin ár verðandi veiðar á hrefnu og langreyði gætu skapast um 200 til 300 ný störf í landinu.

Félagið hefur verið að svipast um eftir hentugri staðsetningu fyrir löndunaraðstöðu og vinnslu á Akranesi. Gunnar Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar þar í bæ, segir á fréttavef Skessuhorns að þeirri starfsemi gætu fylgt um 30 störf og bæjaryfirvöld tækju slíku feginns hendi.

- jse



HVALVEIÐAR VIÐ ÍSLAND Bæjaryfirvöld í Kópavogi eru meðal þeirra sem knýja á sjávarútvegsráðherra í auglýsingu sem birtist í Fréttablaðinu í dag að heimila hvalveiðar innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnun hefur lagt til.

ÍAV á útistandandi 800 milljónir króna

Portus Group, sem nú er í eigu Nýja og Gamla Landsbankans, skuldar ÍAV 800 milljónir. Verktakinn hætti tímabundið vinnu við húsið um áramótin. Tíu til fimmtán ár gæti tekið að hefja framkvæmdir aftur, stöðvist þær að fullu.

FRAMKVÆMDIR Íslenskir aðalverktakar, stærsti verktakinn í byggingu tónlistarhússins við Reykjavíkurböfn, á útistandandi átta hundruð milljónir króna vegna verksins. Félagið hafði ekki fengið greitt fyrir vinnu sína í þrjú mánuði áður en vinna við verkið var stöðvuð um áramótin. Verkkauþinn er Eignarhaldsfélagið Portus hf., félag sem var í eigu Landsbankans og Nýsis. Stjórnarformaður félagsins var Björgólfur Guðmundsson. Portus er nú til jafns í eigu Gamla og Nýja Landsbankans.

Í um tvo mánuði hafa viðræður átt sér stað milli Gamla og Nýja Landsbankans, Austurhafnar, félags í eigu ríkis og borgar, ÍAV og annarra smærri verktaka sem að verkinu koma. Hafa viðræðurnar snúist um leiðir til þess að Austurhöfn taki Portus yfir. Samningaviðræðurnar hafa dregist mjög á langinn. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins tefst málið helst hjá Landsbankamönnum. Ekki hefur tekist að fá upplýsingar um hvað veldur.

Algjör stöðvun framkvæmda við Tónlistarhúsið myndi hafa alvar-



FRAMTÍÐ Í ÖVISSU Hefjist framkvæmdir við tónlistarhúsið ekki fljótlega er hætt við að það standi við Reykjavíkurböfn í þessari mynd í áramótar. MYND/PORTUS

ATVINNULEYSI GÆTI AUKIST

Ef svo færi að framkvæmdir stöðvuðust við tónlistarhúsið myndi atvinnuleysi aukast um fjögur prósent í landinu.

Á verkstað störfuðu þegar mest var á þriðja hundrað manns, sem allir hafa verið sendir heim eða til annarra verka. Engum þeirra hefur verið sagt upp. Hátt í þrjú hundruð manns til viðbótar vinna að húsinu, í höfuðstöðvum ÍAV, hjá verkkauþum, eftirlitsaðilum, verkfræðistofum og undirverktökum. Tvö hundruð þeirra eru við störf á Íslandi. Verði bygging hússins blásin af gætu því um fjögur hundruð manns orðið atvinnulaus á einu bretti á Íslandi. Í heild eru nú um tíu þúsund manns atvinnulaus á landinu.

legar afleiðingar í för með sér, að mati viðmælenda Fréttablaðsins.

Verði ekkert að gert, innan viku eða tíu daga, mun allt fara í vaskinn, að sögn Helga S. Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Portusar. „Tjónið yrði gígantískt. Það myndi taka að minnsta kosti tíu til fimmtán ár að koma þessu aftur af stað. Það þyrfti að endurnýja alla samninga, endurhanna, tryggja fjármögnun og bjóða út flókna hluta hússins aftur.“

Helgi segir nauðsynlegt að hafa sóknarfæri sem fylgin er í byggingu hússins í huga. Varast þurfi að láta skammtímahugsun stjórna

för. Nauðsynlegt sé að geta tekist á við upp- og niðursveiflur sem verða muni meðan á verkefninu stendur.

Sigurður R. Ragnarsson, framkvæmdastjóri Austurhafnarverkefnis hjá ÍAV, tekur í svipaðan streng. „Ef þetta er spurning um nokkra daga í viðbót þá bjargast þetta. En ef þetta fer að hlaupa á vikum er ljóst að mikill skaði verður og erfitt að koma verkefninu aftur af stað.“

Sigurður er þó enn bjartsýnn á að samningur náist, þótt hann sé löngu farinn að lengja eftir niðurstöðu.

holmfridur@frettabladid.is

Deilt um stjórnvaldssekt:

Straumur kærir Fjármálaeftirlit

VIÐSKIPTI Straumur-Burðarás hefur höfðað mál á hendur Fjármálaeftirlitinu (FME) fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Bankinn vill fá hnekkst stjórnvaldssekt upp á eina milljón króna sem FME lagði á hann fyrir að hafa ekki tilkynnt innan tímamarka viðskipti með eigin bréf. Sektin var lögð á í september síðastliðnum.

Straumur segir að um arðgreiðslu hafi verið að ræða sem samþykkt hafi verið á hluthafafundi og falli ekki undir reglurnar. Því er FME ekki sammála og visar til sambærilegs máls Glitnis sem upp kom árið 2003.

- óka



SKJALDBORG Fjöldi Hafnirfirdinga stóð vörð um Sólvang þegar heilbrigðisráðherra kom af fundinum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Hafnirfirdingar eru ósáttir:

Vilja verja starfsemi Sólvangs

HEILBRIGÐISMÁL Fjöldi manns stóð vörð um Sólvang þegar Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra mætti á fund með starfsmönnum í gærkvöldi. Með því vildi fólkið mótmæla áformum ráðherra um St. Jósefsspítala - Sólvang.

„Hér eru einstaklingar og félagsamtök úr Hafnarfirði sem verja starfsemi,“ sagði Hildur Helga Gísladóttir, úr Bandalagi hafnirskra kvenna. „Við höfum áður lent í þessu þegar Sighvatur Björgvinsson vildi gera St. Jósefsspítala að öldrunarstofnun. Okkur tókst að hnekkja því og vonandi gengur það núna.“

- kóp

Úttekt á stöðu fyrirtækja:

3.500 fyrirtæki verða gjaldþrota

VIÐSKIPTI Um 3.500 fyrirtæki hér á landi stefna í gjaldþrot. Þetta er niðurstaða úttektar sem fyrirtæki Credit Info á Íslandi hefur gert og sagt var frá í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins í gær.

Haft var eftir Rakel Sveinsdóttur, framkvæmdastjóra Credit Info á Íslandi, að um sé að ræða atvinnufyrirtæki en ekki svokölluð skúffufyrirtæki eða eignarhaldsfélög. Hún sagði þó ekki hægt að segja til um fjölda starfsmanna sem missa vinnuna fari sem horfi samkvæmt úttektinni.

- jse

Úttekt á fjölda Íslendinga sem eru skráðir á vinsælasta samfélagsvefinn:

Nær allir Íslendingar á þrítugsaldri skráðir á Fésbók

SAMFÉLAGSMÁL Nánast allir Íslendingar á þrítugsaldri eru skráðir á Fésbókina (Facebook) eða 95,8 prósent. Þetta kemur fram í úttekt sem ABS Fjölmiðlahús hefur gert. Samfélagsvefurinn er einnig vinsæll hjá öðrum aldurshópum því 120 þúsund Íslendingar eru skráðir.

Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur segir hluta af skýringunni fyrir þessum vinsældum vefsins vera þann að félagslíf hér á landi sé að miklu leyti að færast inn á veraldarvefinn. „Hér hefur kannski ekki skapast mikil hefð fyrir því að fólk hittist eins og til dæmis Bretar gera

á kránnum eða aðrar þjóðir gera í almenningsgöðum eða kaffihúsum,“ segir Eyjólfur Örn. „Hér er náttúrulega mikið myrkur og veðurfar eins og það er og því að mörgu leyti þægilegt að hafa samskiptin með þessum hætti.“ Stúlur og konur eru mun ásæknari í

HLUTFALL ÍSLENDINGA Á FÉSBÓKINI

Aldur	Hlutfall á Facebook
13-19	83,6%
20-29	95,8%
30-39	63,5%
40-49	30,6%
50-59	13,2%
60+	3,1%
Samtals eru 120.440 skráðir á Fésbókinni eða 46,9% landsmanna yfir þrettán ára aldri.	

HEIMILD: ABS FJÖLMIÐLAHÚS

Samfélagsvefinn en 59 prósent kvenþjóðarinnar þrettán ára og eldri eru skráð þar en 41 prósent karla og drengja.

En Íslendingar eru ekki einir um ásköfnina á Fésbók. Eyjólfur segir að í júní síðastliðnum hafi 132 milljónir manna verið skráðar á Fésbókina.

- jse

RISA
ÚTSALA ELLINGSEN
20-70% afsláttur

Reykjavík, Fískislóð 1
Opíð mánudag–föstudag 10–18
laugardag 10–16

Akureyri, Tryggvabraut 1–3
Opíð mánudag–föstudag 8–18
laugardag 10–16

Ellingsen
— fullt hús ævintýra

ÚTSALA!



U.P.B.
**30%
AFSLATTUR**

**SPARID
60.000,-**

HORNSVEFNSÓFI ÁÐUR 189.900,-
129.900,-

ESSEN hornsvefnsofi / hægingastóll

Þessi hornsófi er draumur fjölskyldunnar! Hérna hefurðu allt sem þú þarft í einum og sama sófanum. Fæst með ljósu míkrofiberáklæði. Dýna fylgir með. Stærð: B260x300 x H98 x D104 sm. Stærð í svefnstöðu: B131 x L181 sm.



U.P.B.
**35%
AFSLATTUR**

ÁÐUR 2.990,-

1.990,-

Kuldagallar

Flottir og góðir kuldagallar með hettu sem hægt er að smella af. Fást í bláu/gráu og brúnu/bleiku. Stærðir: 90-130.

**30%
AFSLATTUR AF ÖLLUM
SKRIFBORDUM OG
SKRIFBORDSSTÓLUM
TIL SUNNUGAGS!**



U.P.B.
**40%
AFSLATTUR**

ÁÐUR 3.990,-

2.490,-

ALINA

eldhúsgardínur
Einstaklega fallegar, tilbúnar eldhúsgardínur í ljósum lit. Efni: 100% polyester. Stærð: 1x 90x225 sm. + 1x 55x225 sm.

ÁÐUR 990,-

790,-



**SPARID
12.000,-**

U.P.B.
**50%
AFSLATTUR**

KOJA ÁÐUR 24.900,-

12.900,-

SEATTLE koja

Góð koja með stiga. Fást í hvítu og gráu. Stærð á dýnu: B90 x L190 sm. Dýnur fylgja ekki með.



ÁÐUR 499,-

299,-

Húfur

Flottar þrjónahúfur á alla fjölskylduna. Fást í rauðu, svörtu og hvítu. Frábært verð!

**40%
AFSLATTUR**

ÁÐUR 990,-

790,-

25 lítra plastkassi

Góður, glær 25 lítra plastkassi með loki.

**20%
AFSLATTUR**



1 DOKKA:

249,-

MOR AASE ullargarn

Frábært ullargarn á góðu verði. Komdu í Rúmfatalagerinn og gerðu góð kaup!

**SPARID
30.000,-**

**30%
AFSLATTUR**

ZUUFÁ gardínur

Flottar, röndóttar gardínur með fiskibeinamyndstri. Fást í fjórum fallegum litum. 1 stk. í pakka. Stærðir: 140 x 175 sm. áður **1.990,-** nú **890,-** 140 x 245 sm. áður **2.390,-** nú **990,-**

140 X 175 SM. ÁÐUR 1.990,-

890,-

MAGNI hornsófi

Virkilega fallegur, dökkbrúnn hornsófi með míkrofiberáklæði sem gott er að þrifa. Gerðu góð kaup! B220x220 x H87 x D92 sm.

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGID • BADID • HEIMILID

www.rumfatalagerinn.is

TUSINDFRYD gæsadúnssæng

Þessi sæng er fyrir kóngu, greifa, prinsessur og...já, þig! Fyllt með snjöhvítum gæsadúni. Áklæði er úr 100% bómullarsafni. Sængin er saumuð í 4x6 ferninga. Sængurtaska fylgir. Stærð: 135 x 200 sm.

U.P.B.
**35%
AFSLATTUR**

ÁÐUR 29.900,-

19.900,-

**SPARID
10.000,-**

U.P.B.
**55%
AFSLATTUR**

GJALDMIÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	123,55	124,13
	Sterlingspund	185,94	186,84
	Evra	167,74	168,68
	Dönsk króna	22,505	22,637
	Norsk króna	17,656	17,76
	Sænsk króna	15,634	15,726
	Japanskt jen	1,3474	1,3552
SDR		188,37	189,49

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,6952
HEIMILD: Seðlabanki Íslands



ENGLANDBANKI Stýrivextir hafa aldrei verið lægri en nú í 315 ára sögu Engländsbanka. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Bretar lækka stýrivexti:
Stuðpúði gegn kreppunni

EFNAHAGSMÁL Engländsbanki lækkaði stýrivexti um 50 punkta í gær og fara þeir við það í 1,5 prósent.

Vaxtalækkunin þykir bera þess merki að seðlabankinn reyni til þrautar að sneiða hjá kreppu þar í landi sem hafi komið mjög við bændu bæði landsmanna og fyrirtækja í landinu. Breska ríkisútvarpið hafði reyndar eftir forsvarsmönnum breskra framleiðslufyrirtækja, að seðlabankinn hefði mátt skera vextina meira niður.

Stýrivextir í Bretlandi hafa aldrei verið lægri, eða allt frá því Engländsbanki var stofnaður árið 1694. -jab

Lögreglan í húsléit:
Fíkniefni í Norðlingaholti

LÖGREGLUMÁL Fíkniefni fundust við húsléit í Norðlingaholti í fyrrakvöld. Um var að ræða amfetamín, hass og marijúana. Karlmaður og kona voru handtekín. Húsléitin var framkvæmd að undangengnum dómsúrskurði. Við aðgerðina, sem er liður í að hamla gegn sölu og dreifingu fíkniefna, naut lögreglan á höfuðborgarsvæðinu aðstoðar fíkniefnaleitarhunds frá tollgæslunni. -jss

Meirihlutinn segir óákveðið hver byggir upp á Laugavegi 4 og 6:

Afstaða til húsanna óbreytt

REYKJAVÍK Borgarráðsfulltrúar meirihlutans lögðu fram bókun á fundi borgarráðs í gær vegna fréttar Fréttablaðsins af húsunum við Laugaveg 4-6. Þar segir að afstaða borgaryfirvalda til skipulags og uppbyggingar á reitnum hafi ekkert breyst. Óákveðið sé hvort borgin muni sjálf byggja á reitnum eða hvort aðrir komi að því. Misskilningur sé í fréttinni hvað það varðar. Ráðast eigi í uppbyggingu að hönnun lokinni, en 20 milljónir fara í hönnun húsanna á ári.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar spurðu um fjármagnskostnað kaupverðs húsanna, 580

HRÓLFUR JÓNSSON

Frétt Fréttablaðsins, sem meirihlutinn mótmælir í bókun, byggir á samtali við Hrólfi Jónsson, sviðsstjóra framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkur. Ekki náðist í hann í gær, en vegna bókunarinnar er hér birt útskrift af hluta samtals við hann við vinnslu fyrri fréttarinnar:

Blaðamaður: Þannig að það á ekkert að fara í uppbyggingu á húsunum áður en þau verða seld sem sagt?
Hrólfur: Nei, hugmyndin er bara að reyna að selja þetta. Hvernig það sem það nú gengur.

milljóna króna, og hver hann verði ef húsini standi ónýtt í eitt, þrjú eða fimm ár. Þá var spurt hvernig 20 milljónunum yrði varið og hvort kostnaður við endurgerð húsanna hafi verið endurmetinn eftir breytingu á deiliskipulagi.

Ólafur F. Magnússon bókaði að hann hefði barist gegn þeirri „framsóknarverktakabilastæða-húsamenningu“ sem ráðið hefði ríkinu í tíð R-listans. Nær hefði verið að kaupa húsini 2005, þegar hann lagði það til. -kóp

Sveitarfélögin vilja taka verkefnið yfir

Fjögur sveitarfélög vilja viðræður við heilbrigðisráðuneytið um að taka yfir verkefni í heilbrigðisþjónustu. Ráðherra beitir sér fyrir tilfærslu. Reykjanesbær vill samstarf við Hafnarfirðinga og LSH um rekstur sjálfseignarstofnunar.

SVEITARFÉLÖG Fjögur sveitarfélög hafa óskað eftir viðræðum við heilbrigðisráðuneytið um að taka við verkefnum í heilbrigðisgeiranum. Þetta er Reykjanesbær, Hafnarfirðingur, Mosfellsbær og Skagafirðingur.

Reykjanesbær hefur óskað eftir viðræðum við að taka yfir rekstur Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og ætlar heilbrigðisráðuneytið að hefja viðræður í byrjun febrúar.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra kynnti nýlega áform ráðuneytisins um að semja við sveitarfélögin um að taka við rekstri í heilbrigðisþjónustu. Guðlaugur Þór segist ætla að beita sér fyrir því að verkefni verði færð þar sem það hentar.

„Það liggur fyrir að fjölmörg sveitarfélög hafa áhuga á því að taka við rekstri bæði í sambandi við heimahjúkrun og heilsugæslu og ýmsu öðru sem að þessu snýr. Það liggur fyrir að við munum setjast niður á næstunni með þeim sveitarfélögum sem hafa áhuga á að skoða það til að sjá hvort það náist lending,“ segir hann.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, segir að sveitarfélagið óski eftir að taka yfir rekstur Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, það er sjúkrahúsið og heilsugæsluna. Hann gerir ráð fyrir að þetta verði rekið í formi



VILJA TAKA YFIR Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra ætlar að beita sér fyrir því að verkefni í heilbrigðisþjónustu verði færð til sveitarfélaganna á næstunni. Hann tilkynnti áform um sparnað og uppstokkun í rekstri heilbrigðisstofnana í fyrradag. Bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ hafa áhuga á að taka yfir rekstur Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Pað liggur fyrir að fjölmörg sveitarfélög hafa áhuga á því að taka við rekstri bæði í sambandi við heimahjúkrun og heilsugæslu.

GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON HEILBRIGÐISRÁÐHERRA

sjálfseignarstofnunar sem Reykjanesbær ætti meirihluta að með þátttöku LSH og annarra sveitarfélaga, til dæmis Hafnarfirðar.

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa einnig óskað eftir viðræðum við ráðuneytið um framtíðarþjálfun komulag heilbrigðismála í bænum, ekki síst að þróa „framtíðarhlutverk Sólvangs í samræmi við tillögur

heilbrigðisráðherra um heilðræna öldrunarþjónustu í Hafnarfirði“, segja bæjaryfirvöld í samþykkt sinni.

Í Skagafirði hefur sveitarstjórnin óskað eftir viðræðum við ráðuneytið um að taka yfir rekstur heilbrigðisstofnunarinnar. Gréta Guðmundsdóttir, forseti sveitarstjórnar, segir að heilsugæslan og öldrunarþjónustan henti vel með svipuðum rekstri sveitarfélagsins. Sveitarstjórn vilji hafa alla möguleika opna, líka möguleikann á að taka yfir rekstur sjúkrahússins.

Viðræður eigi sér stað í febrúar en ekki sé alveg ljóst hvort það sé við heilbrigðisráðuneytið eða nýja heilbrigðisstofnun á Norðurlandi. ghs@frettabladid.is

Hafrannsóknastofnun:

Aldrei fleiri hvalrekar

SJÁVARÚTVEGUR Yfir 30 hvalrekar voru tilkynntir Hafrannsóknastofnun á síðasta ári en það eru mun fleiri en áður að sögn Gísla Víkingssonar, sérfræðings á nytjastofnasviði hjá Hafró.

Til viðmiðunar segir hann að venjulega berist um 15 til 20 tilkynningar á ári. Engin haldbær skýring er á þessu að sögn Gísla. Nokkrum hvalategundum hefur fjölgað nokkuð á síðustu árum en þó ekki svo að það útskýri þennan fjölda hvalreka á síðasta ári.

Í síðustu viku rak fjórtán metra langan búrhval á Borgarfarnarfjörðu í Suðursveit. -jse



FLYNT Útgefandi Hustler er uggandi um framtíð klámiðnaðarinnar.

Flynt vill opinberan stuðning:
Kreppan skekur klámheiminn

BANDARÍKIN Klámkóngurinn Larry Flynt, sem um árabil hefur gefið út karlatímaritið Hustler, hefur biðlað til bandarískra yfirvalda að styrkja klámiðnað landsins um fimm milljarða dollara, eða sem nemur um 640 milljónum íslenskra króna. Að sögn Flynts er verulega hætt við því að án aðstoðar muni klámiðnaðurinn vestanhafs biða skipbrot.

Bandarísk stjórnvöld hafa aðstoðað bilaframleiðendur í miklum mæli upp á síðkastið. Flynt segir klámiðnaðinn finna fyrir kreppunni eins og aðrir og spyr hvort meira stórmál sé að þaðan berist kall eftir hjálp en frá bílaframleiðendum. -kg

Neyðarviðræður í Tyrklandi:

Handtökur vekja deilur

TYRKLAND, AP Yfirmenn tyrkneska hersins áttu í gær neyðarfundi með forseta og forsætisráðherra landsins vegna handtöku þriggja fyrrverandi herforingja og níu yfirmanna í hernum í tengslum við rannsókn á tilraun til stjórnarbyltingar.

Herinn, sem áður réó lögum og lofum í landinu, er sagður afar ósáttur við handtöknurnar.

Alls eru í gangi réttarhöld yfir 86 manns vegna málsins. Þeir segjast allir saklausir, en saka ríkisstjórnina um að reyna að þagga niður í gagnrýnendum. -gb

ÚTSALA
38
PREP

Laugavegi 49 / sími 561 5813


VEÐURSPÁ



Sigurður P. Ragnarsson veðurfræðingur

NÓTTIN OG MORGUN-DAGURINN

Pað gengur lægð yfir mitt landið á morgun en áhrifa hennar gæti seint í kvöld. Þá verður komið suðaustan hvassviðri með rigningu sunnan til á landinu. Í nótt hvessir víða en á morgun verður kominn norðaustan stormur á Vestfjörðum og víða hvassviðri með ströndum nyrðra. Þessu fylgir áköf snjókomu. Einnig verður hvasst SA-til á landinu á morgun.



HEIMURINN	
Alicante	10°
Amsterdam	-1°
Basel	0°
Berlin	-2°
Billund	6°
Eindhoven	-1°
Frankfurt	-2°
Friedrichshafen	4°
Gautaborg	5°
Kaupmannahöfn	5°
Las Palmas	19°
London	2°
New York	2°
Orlando	21°
Osló	4°
Paris	-1°
Róm	13°
Stokkhólmur	3°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Á MORGUN 15-23 norðvestan til og 13-18 suðaustan til, annars hægarí.

SUNNUDAGUR 8-13 m/s

Nýtt kortatímabil!

Spennandi helgartilboð!

OPIÐ til **20** alla daga

40%
afsláttur við kassa



ÓDÝRT Í HAGKAUP



KJÚKLINGA LUNDIR
1.799 kr/kg.
Merkt verð 2.999.-



40%
afsláttur við kassa

561 kr/kg
Merkt verð 935.-



30%
afsláttur við kassa

1.259 kr/kg
Merkt verð 1.798.-



30%
afsláttur við kassa

1.224 kr/kg
Merkt verð 1.749.-



30%
afsláttur við kassa

1.679 kr/kg
Merkt verð 2.398.-

Kjúklingalæri m/legg

Laxa flök - roð- og beinlaus

Ungnautahakk - aðeins 4% fita

Ungnautagúllas

ÓDÝRT Í HAGKAUP



VATNSMELÓNUR
199 kr/kg
Verð áður 259.-

ÓDÝRT Í HAGKAUP



ANANAS
279 kr/kg
Verð áður 379.-



NÝJAR UMBÚÐIR



GRASKERSBRAUD
199 kr/stk.
Verð áður 399.-

Nýtt í Hagkaup

Jamie Oliver



Jamie Oliver vörur

ÓDÝRT Í HAGKAUP



MERRILD KAFFI
493 kr/plk.

OPIÐ allan sólarhringinn í Skeifunni

24 Skeifan

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



Eiga íslensk stjórnvöld að fordæma árásir Ísraelsmanna á Gaza?

Já	74,3%
Nei	25,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er rétt að gjörbylta starfsemi St. Jósefsspítala í Hafnarfirði?

Segðu þína skoðun á visir.is

FJÁRLÖGIN 2009


Ráðuneyti, æðsta stjórn ríkisins og kostnaður ríkissjóðs vegna vaxtagjalda munu á næsta ári nema rúmum 555 milljörðum, 121 milljarði meira en fjárlögin 2008 heimiluðu.

Tvö ráðuneyti hafa minni fjárheimildir nú á síðasta ári. Samgönguráðuneytið, fær tæpum fjórum milljörðum minna og dóms- og kirkjumálaráðuneytið sem fær tæpum fimm milljónum minna.

Mesta aukningin er vegna vaxtagjalda ríkissjóðs, sem eykst um rúma 65 milljarða. Þá aukast fjárheimildir félags- og tryggingaráræðuneytis um tæpar 28 milljarða.

Til æðstu stjórnar ríkisins heyrir meðal annars Alþingi, ríkisstjórn og hæstiréttur.

- 55



Tölur eru í milljónum króna



Bjartur Jörfi Ingvason

„Ég hef verið vinur síðan ég fæddist“

Veldu þér vinanúmer í síma 552 2150 eða á sibs.is

HAPDRÆTTI



...fyrir lífið sjálft

Baugsrannsókn ólögmæt segir verjandi

Krafa verjanda Jóns Ásgeirs Jóhannessonar um að rannsókn á skattahluta Baugsmálsins verði úrskurðuð ólögmæt gengur ekki upp, segir saksóknari. Rannsókn sé lokið og ákæra gefin út. Verjandi segir saksóknara vanhæfan.

BAUGSMÁL Tekist var á um kröfur verjanda Jóns Ásgeirs Jóhannessonar um að rannsókn efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra á skattamálum Jóns Ásgeirs yrði úrskurðuð ólögmæt í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Ákæra var gefin út í málinu 18. desember síðastliðinn, eftir að verjandi Jóns Ásgeirs lagði fram kröfu sína, og með útgáfu ákæru lauk rannsókn málsins formlega.

„Þessi rannsókn er ekki í gangi, það er forsenda að rannsókn sé í gangi til að hægt sé að bera hana undir dóm,“ sagði Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra, í réttarsal í gær. Hann krafðist þess að kröfum verjandans yrði vísað frá dómi eða þeim hafnað.

Helgi Magnús sagði óvíst hvaða afleiðingar það eigi að hafa komist dómari að þeirri niðurstöðu að rannsóknin sé ólögmæt, eftir að henni sé lokið. Réttara væri að kröfur sem þessar væru hafðar uppi í því dómsmáli þar sem fjallað er um ákærana, í stað þess að gera kröfur í sérstöku dómsmáli.

Ekkí skiptir máli þótt rannsókninni sé lokið, krafan um að hún verði dæmd ólögmæt stendur, sagði Gísli H. Hall, sem flutti málið fyrir hönd Gests Jónssonar, verjanda Jóns Ásgeirs.

Gísli sagði að brotið hafi verið gegn rétti Jóns Ásgeirs til réttlátrar málsmeðferðar innan hæflegs tíma. Upphaf málsins megi



AFLEIÐINGAR Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra, segir óvíst hvaða afleiðingar það eigi að hafa að úrskurða rannsókn sem sé þegar lokið ólögmæt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

rekja til húsleitar hjá Baugi í ágúst 2002, og því rúmlega sex ár síðan það hófst. Sækja hefði átt allt málið í einu í stað þess að gefa út samtals þrjár ákærur á einu og sama málinu, sagði Gísli.

Þessu hefur saksóknari hafnað og bent á að um nýtt mál sé að ræða. Málið byggist þó á gögnum sem aflað var í húsleitinni.

Verjandi Jóns Ásgeirs krafðist þess til vara að Helgi Magnús yrði úrskurðaður vanhæfur í málinu. Gísli sagði Helga hafa komið að rannsókn málsins frá upphafi, en hann stýrði meðal annars húsleitinni í höfuðstöðvum Baugs Group í ágúst 2002. Að auki benti

Gísli á að Helgi Magnús hefði verið vitni í fyrri hluta málsins. Því sé fráleitt trúverðugt að telja hann hlutlausan í málinu.


Gísli sagði Helga Magnús einnig hafa brotið gegn tilmælum ríkissaksóknara þegar hann sendi fjölmörgum ákæru í málinu áður en hún hafði verið þingfest.

Helgi Magnús hafnaði kröfum um að hann yrði úrskurðaður vanhæfur, en rökstuddi það ekki frekar í dómsalnum í gær.

Kristín Jóhannesdóttir, systir Jóns Ásgeirs, gerir sömu kröfur og Jón Ásgeir um að rannsókn verði úrskurðuð ólögmæt, eða að saksóknari víki. Mál hennar verður flutt mánudaginn 12. janúar.

brjann@frettabladid.is

www.fasteignaskra.is



Fasteignamat ríkisins er orðið Fasteignaskrá Íslands

Fasteignamat ríkisins hefur þjónað landsmönnum frá árinu 1977 og mun halda því áfram en nú undir nýju nafni. Frá áramótum starfar stofnunin undir nafninu Fasteignaskrá Íslands sem endurspeglar ákveðna þróun á verksviði hennar. Athygli er vakin á því að samhliða nafnabreytingunni fær stofnunin nýtt veffang, www.fasteignaskra.is.



Fasteignaskrá Íslands

Borgartúni 21
105 ReykjavíkAusturvegi 4
800 SelfossHafnarstræti 95
600 AkureyriSími 515 5300
www.fasteignaskra.is

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

GÖGN ÚR HÚSLEIT HJÁ BAUGI Í ÁGÚST 2002 ENN FYRIR DÓM

Trúlega hefur ekkert dómsmál á Íslandi tekið fleiri snúninga, bæði í réttarsalnum og utan hans, en Baugsmálið svokallaða. Þeir eru ófár dagar sem verjendur og sækjendur eyddu í sölu Héraðsdóms Reykjavíkur og Hæstaréttar.

Þótt Baugsmálið hafi átt sér talsverðan aðdraganda má rekja upphaf málsins alls til húsleitar sem gerð var í höfuðstöðvum Baugs Group 28. ágúst 2002. Ákveðið var að framkvæma húsleitina eftir að Jón Gerald Sullenberger lagði fram gögn hjá ríkislögreglustjóra.

Fyrsti hluti

Tæplega tveimur árum eftir húsleitina var fyrsta ákæran í Baugsmálinu gefin út. Hún var í 40 liðum, en ákærð voru þau Jón Ásgeir Jóhannes-

son, Jóhannes Jónsson, Kristín Jóhannesdóttir, Stefán Hilmarrson og Anna Þórðardóttir. Við meðferð málsins var 32 liðum vísað frá, og sýknað í þeim átta liðum sem eftir stóðu í janúar 2007. Þar með lauk fyrsta hluta Baugsmálsins fyrir dómstólum.

Annar hluti

Skipaður var sérstakur saksóknari sem þann 31. mars 2006 gaf út endurákæru í 19 liðum vegna þeirra 32 liða sem vísað var frá í fyrsta hluta Baugsmálsins. Hófst þá það sem kalla má annan hluta málsins. Þar voru ákærðir þeir Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggvi Jónsson og Jón Gerald Sullenberger.

Dómur féll vegna þess hluta málsins 5. júní 2008. Þá voru þeir Jón

Ásgeir Jóhannesson og Jón Gerald Sullenberger dæmdir í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi. Tryggvi Jónsson var dæmdur í tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi. Þar með lauk öðrum hluta málsins.

Þriðji hluti

Þriðji og síðasti hluti málsins snýst um meint skattalagabrot í rekstri Baugs Group og Gaums, fjölskyldufyrirtækis Jóns Ásgeirs, um skattalagabrot Jóns Ásgeirs og Tryggva persónulega. Ákærð eru þau Jón Ásgeir Jóhannesson, Kristín Jóhannesdóttir og Tryggvi Jónsson. Gögn sem rannsókn þessa hluta málsins byggir á fengust úr húsleitinni árið 2002, og því hægt að tala um þetta sem einn anga Baugsmálsins þó að um sjálfstætt mál sé að ræða.



Hefjum hvalveiðar

Undirritaðir aðilar skora hér með á stjórnvöld að sjá til þess að hvalveiðar við Ísland hefjist á sumri komanda, á þeim tegundum og innan þeirra marka sem Hafrannsóknarstofnun hefur lagt til.

**Í hafinu við Ísland eru um 350 þúsund hvalir, stórir og smáir.
Árlega éta þeir um 6 milljónir tonna af sjávarfangi,
þar af um 2 milljónir tonna af fiski.**

Akraneskaupstaður	Sjómannasamband Íslands
Aldan stéttarfélag	Súðavíkurhreppur
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands	Útvegsbændafélagið Heimaey
Félag hrefnuveiðimanna	Útvegsbændafélag Vestmannaeyja
Félag skipstjórnarmanna	Útvegsmannafélag Akraness
Félag Vélstjóra og málmþæknimanna	Útvegsmannafélag Austfjarða
Fiskifélag Íslands	Útvegsmannafélag Hafnarfjörður
Fjórðungssamband Vestfjarða	Útvegsmannafélag Hornafjarðar
Grimseyjarhreppur	Útvegsmannafélag Norðurlands
Hvalfjarðarsveit	Útvegsmannafélag Reykjavíkur
Kópavogsbær	Útvegsmannafélag Snæfellsness
Landsamband Íslenskra Útvegsmanna	Útvegsmannafélag Suðurnesja
Landsamband smábátæigenda	Útvegsmannafélag Vestfjarða
Samtök fiskvinnslustöðva	Útvegsmannafélag Þorlákshafnar
Snæfellsbær	Verkalýðsfélag Akraness
Sjómannafélag Eyjafjarðar	Verkalýðsfélagið Hlíf
Sjómannafélag Hafnarfjarðar	Verkalýðsfélag Snæfellinga
Sjómannafélag Íslands	Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis
Sjómannafélagið Jötunn	Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Sjómannafélag Ólafsfjarðar	Vestmannaeyjabær
Sjómanna- og vélstjóraf. Grindavíkur	Vísir, félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum

TAL

GÓÐUR SÖLUMÆÐUR? - GÓÐ LAUN!

Tal óskar eftir góðum og hressum sölumönnum á öllum aldri til skemmtilegra sölustarfa. Frábær kvöldvinna með námi eða aukavinna með öðru starfi.

Starfið fellst í að lækka simreikninga landsmanna. Unnið er a.m.k. tvö kvöld í viku frá kl. 17.40 - 22.10 Greitt er tímakaup og sölubónusar.

Æskilegir eiginleikar:
- Reynsla af sölumennsku.
- Stundvísi
- Metnaður og heiðarleiki
- Jákvæðni

Umsóknir skulu sendar í tölvupósti á: guðmundur.thor@tal.is / merktar: "Sölumæður - atvinna."
Upplýsingar í síma: 615-4200

Tal er þriðja stærsta fjarskiptafélagið á Íslandi og fer ört vaxandi. Tal býður landsmönnum lægra verð á ADSL, Heimasíma og GSM og stuðlar þannig að aukinni samkeppni á fjarskiptamarkaði. Einfalt vöruframboð og gagnsæ verðskrá eru einkenni Tals. Þannig hyggst Tal ná afgerandi stöðu á læggjaldamarkaði á sviði fjarskiptajónustu.

www.tal.is | Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík | Þjónustuver 1817 | Skrifstofa: 445-1600 | tal@tal.is

MÁLÞING Á HÁSKÓLATORGI, HT 103,
LAUGARDAG 10. JANÚAR
KL. 13:00 - 16:00

ÍSLAND OG EVRÓPA

Stefán Már Stefánsson, prófessor:
Stjórnskráin og Evrópusambandið

Ágot Valle, þingmaður SV í Noregi
og fyrrv. varaformaður Nei til EU:
Af hverju sögðu Norðmenn NEI?

Þórólfur Matthiasson, prófessor:
Gjaldmiðillinn, fjármálastarfsemin
og lífskjörin

Ragnar Arnalds, formaður Heimssýnar:
Hvað skiptir mestu máli fyrir Íslendinga?

Málþingsstýra:
Ingbjörg Inga Guðmundsdóttir

ALLIR VELKOMNIR



VINTRIÐREYFINGIN
grænt framboð

Þrjú leitarSKIP luku loðnuleit í gær en næstu daga verður unnið úr gögnum:

Loðnan á hefðbundnu svæði

SJÁVARÚTVEGUR „Árið í fyrra var náttúrulega óvenjulegt, hvað leit varðar en það sem við getum sagt núna er að loðnan sem hefur fundist er á mjög hefðbundnu svæði ef horft er til lengri tíma,“ segir Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri nytjastofnasviðs Hafrannsóknastofnunar.

Nokkuð af loðnu fannst í fyrri-nótt á nýjum svæðum. Loðnan er dreifð á stóru svæði norður og norðaustur af landinu.

Tvö leitarSKIP, Börkur NK og Lundy höfðu lokið leit sinni í gær og til stóð að þriðja skipið, Faxi, lyki leit sinni vestur á Halasvæðinu í gærkvöldi.



ÁRNI FRÍÐRIKSSON Skip Hafrannsóknastofnunar heldur sínum mælingum áfram næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Árni Friðriksson, skip Hafrannsóknastofnunar, heldur sínum mælingum hins vegar áfram næstu tvo til þrjá daga og segir Þorsteinn að skipinu sé meðal

annars ætlað að gera samanburð-armælingar.

Upplýsingar úr leitarSKIPjum skipanna eru sendar um gervitungl til Hafrannsóknastofnunar og vonast sjómenn til að stofnunin gefi út byrjunarkvóta næstu daga svo hefja megi veiðar.

„Við erum núna að sameina gögnin frá þessum þremur leitarSKIPjum og vinna úr þeim,“ segir Þorsteinn sem áætlaði að sú vinna stæði fram yfir helgi. „Við getum hins vegar ekkert sagt til um magnið þar sem við erum bara að vinna þetta í bútum og bútum höfum við ekki enn þá náð að púsla saman,“ segir Þorsteinn. - ovd

Íbúðalánin betur sett hjá ríkisbönkunum

Bankarnir hafa ekkert ákveðið með flutning íbúðalána til Íbúðalánasjóðs. Margar fyrirsurnir hafa borist sjóðnum og bönkunum. Engin lán hafa verið flutt yfir. Ráðgjafi segir fólk í greiðsluferfiðleikum betur sett hjá ríkisbönkunum.

EFNAHAGSMÁL „Í rauninni skiptir það engu máli fyrir lántakandann hvort hann er með lánið hjá Íbúðalánasjóði eða hjá ríkisbanka, svo fremi sem bankinn fer eftir tilmælum stjórnvalda um að veita viðskiptavinum sínum sömu greiðsluferfiðleikaúræði og Íbúðalánasjóður,“ segir Hallur Magnússon ráðgjafi.

Íbúðalánasjóður hefur frá því í nóvember haft heimild til að taka yfir íbúðalán í bönkunum. Fjármálastofnanir verða sjálfar að óska eftir því, en hvorki Íbúðalánasjóður né fólk sem tók lánin getur átt frumkvæðið. Heimildin á bæði við verðtryggð lán og gengislán.

Margir hafa áhyggjur af íbúðalánunum sínum í bönkunum. Sumir hafa misst vinnuna og eiga í erfiðleikum með að borga.

„Okkur hafa borist gríðarlega margar fyrirsurnir. Eðlilega, þar sem búið er að gefa miklar væntingar,“ segir Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs. Bankarnir hafa engin lán flutt til til sjóðsins.

Guðmundur segir að rætt hafi verið óformlega við Glitni vegna málsins. Það hafi verið í desember, en ekkert gerst síðan.

„Síðan höfum við spurt Landsbankann og Kaupþing hvort þeir ætli að gera eitthvað, vegna okkar fjárlagagerðar, en svör þeirra voru að það lægi ekkert fyrir,“ segir Guðmundur, málið ætti að skoða á nýju ári.

Viðskiptavinir Landbankans og Glitnis hafa sumir spurt um flutning lána. Landsbankinn segist bjóða viðskiptavinum sínum upp á alla sömu möguleika til að frysta lán og skuldbreyta og Íbúðalánasjóður gerir.

„Mér sýnist ljóst að bankarnir hafi alla möguleika til þess, ef þeir kjósa,“ segir Hallur. Lagalega sé



ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR Hvorki bankar né sparissjóðir hafa flutt lán til Íbúðalánasjóðs. Spron og Sparissjóður Keflavíkur eiga í viðræðum við sjóðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SKULDIR HEIMILANNA RJÚKA UPP

Verðtryggð íbúðalán heimilanna hjá bönkunum og sparissjóðum námu tæpum 500 milljörðum króna í september í fyrra. Nýrri tölur á Seðlabankinn ekki.

Ætla má að ekki færri en fimmtán þúsund heimili hafi tekið íbúðalán í bönkunum.

Ársverðbólga hefur farið vaxandi og er nú ríflega 18 prósent.

Verðbætur leggast við höfuðstól lána, sem hækkar enda þótt afborganir verði frystar um stund.

Gengisbundin íbúðalán heimila

hjá bönkunum námu um 107 milljörðum króna í september. Lánin eru yfirleitt saman sett úr svissneskum frönkunum, japönskum jenum og evrum í ýmsum hlutföllum.

Mánaðargengi evrunnar í september var ríflega 131 króna en er nú hátt í 168. Jenið kostaði 86 auro í september en núna eina króna og þrjátíu auro. Frankinn kostaði ríflega 82 krónur í september en núna 112.

Því má ætla að gengistryggðu lánin hafi í heildina hækkað verulega síðan í september.

hafi bankarnir í raun víðtækari heimildir til að aðstoða fólk en sjóðurinn.

„Ríkisstjórnin hefur í raun og veru meira og beinna boðvald yfir ríkisbönkunum í gegnum stjórnir þeirra, þar sem ríkið er eini eigandinn,“ segir Hallur og bendir á að boðvald hins opinbera gagnvart

Íbúðalánasjóðnum byggi eingöngu á lagasetningu.

„Það er ekki í þágu fólksins í landinu að ríkisstjórnin hafi ekki gengið eftir þessu af fullum krafti. Ef stjórnmalamenn segjast ekki vilja beita sér, þá hlýtur maður að spyrja: hvers vegna ekki?“

ingimar@frettabladid.is

Hvorki mismunun vegna kynferðis né skaðabótaskylda:

Háskóli Íslands ekki brotlegur

DÓMSMÁL Háskóli Íslands braut hvorki stjórnslureglur né mismunandi umsækjanda vegna kynferðis við ráðningu dósents í tölvunarfræði við verkfræðideild skólans samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í gær.

Jafnréttisstofa höfðaði mál fyrir hönd Önnu Ingólfsdóttur, prófessors í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík, gegn Háskóla Íslands. Þess var krafist að viðurkennt yrði að gengið hafi verið fram hjá Önnu við ráðningu dósents í tölvunarfræði við verkfræðideild HÍ og að henni yrði dæmd ein milljón króna í skaðabætur. Því hafnaði Héraðsdómur Reykjavíkur einnig.

Forsaga málsins er sú, að 1. jan-

Járniðnaðarmaður eða maður með reynslu af rafsöðu óskast til starfa hjá rötgrónu fyrirtæki í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar veitir Rósalind í síma 564 1539 eða rosaling@skoflur.is

Atvinna óskast

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Víðskiptatækifæri

Til sölu vinsæl búð á Laugavegi með kvenföt og aukahluti. Spennandi tækifæri. Gott verð. Áhugasamir sendi póst á verzlun@gmail.com

Atvinnutækifæri fyrir rétta aðila. Til leigu rekstur á veitingasal í hjarta Hafnarfjarðar með öllum tilheyrandi borðbúnaði. Miklir möguleikar fyrir rétta aðila. Nánari uppl. á bris.is (salurinn) og í síma: 898-3420

Skemmtanir

Hamraborg 11 **Catalina** S: 554-2166
Í kvöld spilar hljómsveitin Fedgarnir
Catalina
Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Dekk með bremsuskál af hestakerru tapaðist á leiðinni frá Borgarnesi til Hfj. Þeir sem hafa uppl. í s. 892 8245.

Tilkynningar

BAR POLONIA ZAPRASZAMY ZAPRASZAMY NA SYLWESTRÓWE PARTY ! WSTEP WOLNY. PO CZATEK IMPREZY GODZ 21.00 I BAWIMY SIE, DO RANA. SUPER MUZA, SUPER ZABAWA ZAPRASZAMY SERDCZNIE 31 DESEMBER
ZAPRASZAMY WSZYSTKICH SERDECZNIE HAFNARFJÖRÐUR FLOTAHRAUN 21.

Frá Guðspekifélaginu
Föstudaginn 9. janúar kl. 20:30 verður kynning á stefnu og starfsemi félagsins í máli og myndum í höfuðstöðvum þess að Ingólfsstræti 22.
Laugardaginn 10. janúar kl. 15:00 er opió húsi, en þá verður kynning á forvitnilegum bókum í safni félagsins, sem er eitt stærsta bókasafn sinnar tegundar hérlendis.
Sunnudaginn 11. janúar kl. 20:00 verður hugleiðingarstund með leiðbeiningum.
Á fimmtudögum kl. 16.30 - 18.30 er bókafjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
www.gudspekifelagid.is

Einkamál

Símafjónusta Spjalldómur 2 nýjar dómur S. 908 6666.

Kennsla

STANGAVEIÐIMENN ATH!
Okkar árvissa flugukastkennsla í TBR húsinu Gnoðavogi 1, hefst sunnudaginn 11. Jan kl. 20
Kennt verður 11 - 18 - 25 Jan og 1. Feb. Við leggjum til stangir, skráning á staðnum gegn greiðslu (ekki kort). Mætið tímanlega, munið eftir inniskóm. Verð 10.000.- kr og 9000.- kr til félagsmanna.
Uppl. gefur Gisli í s. 894 2865 eða Svavar í s. 896 7085 K.K.R., S.V.F.R og S.V.H

Sundleikfimi

Sundleikfimi:
Okkar vinsæla sundleikfimi er að hefjast á ný í sundlaug Hótel Loftleiða. Kennt verður mánudags og miðvikudagskvöld kl. 20.00.
Námskeið fyrir eldri borgara er á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13.00.
Vinsamlega skráið ykkur í síma 444-4085 fyrir þriðjudaginn 13. janúar. Námskeiðin standa í 4 vikur. Heitt á könnunni! Verið velkomin.
Kveðja, starfsfólk sundlaugar Hótel Loftleiða
Sími: 444-4085 / 662-0485

DONG FANG SALON
HOTEL LOFTLEIÐA

ÞETTA GERÐIST: 9. JANÚAR 1951

Höfuðstöðvarnar opnaðar

Höfuðstöðvar Sameinuðu þjóðanna voru formlega opnaðar í New York þennan dag árið 1951. Höfuðstöðvar SP voru byggðar á árunum 1949 til 1950, á sautján ekru landi sem keypt var af William Zeckendorf.

Í stað þess að halda samkeppni um bygginguna var ákveðið að efna til samstarfs milli nokkurra af helstu arkitektum heims. Bandaríski arkitektinn Wallace Harrison var gerður að aðalarkitekt sem starfaði náð með ráði sem skipað var tíu arkitektum alls staðar að úr heiminum, þar á meðal Ástralíu, Svíþjóð og Úrúgvæ.

Ákveðið var að byggingin yrði 38 hæðir og fékk hún undanþágu frá öryggis- og eldvarnarkröfum New York-borgar. Byggingin var fjármögnuð af 65 milljón dollara vaxtalaus láni sem Bandaríkjaþjórn sá um að útvega.

Byggingin er eitt af aðalkennileitum New York-borgar.



SIMONE DE BEAUVOIR FÆDDIST PENNAN DAG ÁRIÐ 1908.

„Að ná sér í eiginmann er list, að halda honum er vinna.“

Franski feministinn, rithöfundurinn og heimspekingurinn Simone de Beauvoir er einna þekktust fyrir bók sína *Hitt kynið*.



tímamót

timamot@frettabladid.is

MERKISATBURÐIR

- 1431 Réttarhöld yfir Jóhönnu af Örku hefjast í Rouen.
- 1788 Connecticut verður fimmta ríki Bandaríkjanna.
- 1793 Jean-Pierre Blanchard er fyrstur til að fljúga yfir Bandaríkin í loftbelg.
- 1799 Básendaflóðið. Mesta sjávarflóð sem sögur fara af verður um landið suðvestanvert. Kaupstaðurinn á Bäsendum eyðilagðist og byggðist aldrei aftur.
- 1982 Hús Íslensku óperunnar við Ingólfsstræti í Reykjavík er vígt með frumsýningu á Sigurboganum.
- 1986 Hafliði Hallgrímsson hlýtur tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir verk sitt *Poemi*.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Steingrímur Westlund

er látinn. Hann lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 6. janúar. Jarðarförin auglýst síðar.

Katherine, Kristín, Margrét, Edward, Súsanna og Katrín Westlund og fjölskyldur.



Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Munda Kristbjörg

Guðmundsdóttir

Sunnuvegi 7, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Langholtskirkju þriðjudaginn 13. janúar kl. 13.00.

Helgi Ólafsson

Guðmundur Óli Helgason

Guðrún Lára Helgadóttir

Christer Allanson

Þórólfur Örn Helgason

Hulda Hrönn M. Helgadóttir

Kjartan Orri Helgason

Guðlaug Erla Halldórsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

Jóhanna Ingvarsdóttir

Norðfjörð,

til heimilis að Hrafnistu, áður Kleppsvegi 62, Reykjavík,

sem lést á Hrafnistu í Reykjavík þriðjudaginn 30. desember, verður jarðsöngin frá Laugarneskirkju mánudaginn 12. janúar kl. 13.00.

Ingibjörg Skarphéðinsdóttir

Ingi S. Guðmundsson

Sverrir Skarphéðinsson

Hólmfríður Póhallsdóttir

Heiðís Norðfjörð

Gunnar Jóhannsson

Jón Halldór Norðfjörð

Ólafía Kristín Guðjónsdóttir

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar,

Magnea Gróa Karlsdóttir

(Stella),

lést að morgni aðfangadags 24. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum starfsfólki Skógarbæjar fyrir góða umönnun.

Guðjón Sigurbjörnsson

Linda Sigurðardóttir

Hildur Sigurbjörnsdóttir

Sigurður Björnsson

Óskar Sigurbjörnsson

Sveindís María

Sveinbjörnsdóttir

Hrefna Sigurðardóttir

ömmubörn, langömmubörn og aðrir aðstandendur.



Ástkær fösturmóðir mín og systir,

Ásgerður Emma

Kristjánsdóttir

Efri Tungu, Vesturbýggð,

lést á sjúkrahúsi Patreksfjarðar að morgni aðfangadags 24. desember. Útför fer fram frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 10. janúar kl. 14.00. Jarðsett verður í Sauðlauksdalskirkjugarði.

Marínó Thorlacius

Halldór Kristjánsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Þorsteinsdóttir

fyrirverandi húsfreyja á Skálá í Sléttuhlíð,

lést á dvalarheimilinu Hlíð Akureyri þriðjudaginn 6. janúar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 19. janúar kl. 13.30.

Þorsteinn Konráðsson

Sólveig Jensen

Ólöf Konráðsdóttir

Andrés Aðalbergsson

Veronika Konráðsdóttir

Steinar Steingrímsson

Bragi Konráðsson

Eva María Ólafsdóttir

Trausti Pálsson

Eyjólfur Konráðsson

Mona Ekstrum

barnabörn og barnabarnabörn.



Móðir okkar tengdamóðir, amma og langamma,

Hólmfríður Jóhanna

Jóhannesdóttir

frá Þorleifsstöðum, Blönduhlíð

Kópavogsbraut 1b, Kópavogi,

lést á Landspítalanum Fossvogi 6. janúar.

Jóhannes P. Ellertsson

Margrét Guðmundsdóttir

Margrét Ellertsdóttir

Danelíus Sigurðsson

Málfríður Ellertsdóttir

Sveinn H. Guðmundsson

barnabörn og fjölskyldur þeirra.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Harald M. Ísaksen

rafvirkjameistari

Blásölum 13, Kópavogi,

lést á Borgarspítalanum þann 6. janúar sl.

Ingibjörg Þorgrímsdóttir

Guðbjörg Conner

Hagerup Ísaksen

Guðríður Helga Benediktsdóttir

Guðríður H. Haraldsdóttir

Steinþór Haraldsson

Þorgrímur Ísaksen

Kristín Erla Gústafsdóttir

Margrét Haraldsdóttir

Ágúst H. Sigurðsson

Harald H. Ísaksen

Kolbrún A. Sigurðardóttir

afabörn og langafabörn.

GLÆSILEG JANÚAR TILBOÐ

STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM Breytingar, prentvillur og myndabrengl

MESTA
ÚRVAL
LANDSINS
AF CREATIVE



A500
5.1 CREATIVE
HLJÓÐKERFI
4.990

ADEINS
PESSA
HELGI



500GB
SAMSUNG
HARÐISKUR
9.990

50%
AFSLÁTTUR

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
FRÁ CREATIVE

VERÐ FRÁ
39.900

ÓTRÚLEG LÆKKUN Á
ÖLLUM ASUS
FARTÖLVUM



OPNUNARTÍMAR

Virka daga

10:00 - 18:30

Laugardaga

11:00 - 16:00



TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Eldri borgara á ekki að flytja gripaflutningum!

Um áramótin lokaði Sjúkrahúsið á Akureyri hjúkrunardeildinni í Seli. Aldraðir íbúar Sels voru fluttir nauðugir úr sérherbergjum sínum þar í fjölbýli á deildum sjúkrahússins í Kristnesi.

Fyrir alþingiskosningarnar 2007 lögðu formenn stjórnarflokkanna áherslu á grundvallarbreytingar á málum aldraðra sem ekki hefðu tíma til að bíða lengur eftir úrbótum í húsnæðis- og lífeyrismálum. Báðir flokkar lýstu vilja til að fjölga hjúkrunarrýmum með því markmiði að afnema fjölbýli og auka framboð einbýlis á hjúkrunarheimilum.

Félags- og tryggingamálaráðherra hefur þar að auki ítrekað lýst því yfir að velferð aldraðra gangi fyrir og niðurskurður muni ekki snerta málefni þeirra. Á Akureyri gerðist það nú samt.

Samkvæmt Gallup könnun, sem unnin var af Capacent á minum vegum, eru 70,8% þjóðarinnar hlynnt því að lífeyrissjóðirnir byggi og reki húsnæði fyrir eldri borgara sem greitt hafa í sjóðina. Af þeim sem svöruðu spurningunni játandi eru 76,6% hlynnt því þrátt fyrir að það kunni að hafa í för með sér kostnað fyrir sjóðinn og rýra höfuðstól hans.


Stjórnendur lífeyrissjóðanna hafa sagt að slíkt húsnæði gæti orðið að veruleika með lagasetningu sem heimilar sjóðunum að fjárfesta fyrir hluta innkomu þeirra til byggingar hagkvæms leiguhúsnæðis fyrir aldraða. Lífeyrissjóðirnir ættu að geta staðið undir framkvæmdunum þar sem aðeins þarf árslaun fjögurra forstjóra lífeyrissjóðanna til byggingar fimmtán 40 m² íbúða fyrir aldraða.

Jóhanna Sigurðardóttir, næsta skóflustunga sem þú tekur ætti að vera að íbúðarhúsnæði fyrir aldraða.

Jóhanna Sigurðardóttir
islenskur ríkisborgari


Viðhorf til þess að lífeyrissjóðurinn byggi eða reki húsnæði.

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að lífeyrissjóðurinn þinn byggi og reki húsnæði fyrir þá eldri borgara sem greitt hafa í sjóðina?



Breyting á viðhorfi ef kostnaður sjóðsins gæti rýrt höfuðstól hans.

Ertu hlynnt(ur) því þó að það geti haft kostnað í för með sér fyrir sjóðinn og rýrt höfuðstól hans?



Jóhanna! Næsta skóflustunga verður að vera í þágu aldraða!

Morgunblaðið
7. janúar 2009.



Fleiri stúdentaíbúðir

BYGGING þriggja hús fyrir stúdenta garða Félagsstofnunar stúdenta er hafin við Skógarveg 18-22 í Reykjavík. Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðgjafi, tók fyrir skóflustungu að hlutum í gær. Áætlað er að húsin verði tilbúin með lok árs en í þeim verða 80 íbúðir fyrir allt að 200 íbúa. Mið eftir óhöðum hefur lengst með hverju árinu og er hluti við aukinni eftirspurn að stúdentum við HÍ og LSR o.s.frv. Félagsstofnun stúdenta býður að skilummar frekara byggingarvæðis.

Launagreiðslur helstu lífeyrissjóða 2007

	Laun og launategd göld	Laun framkv. stjóra	Laun stjórnarmanna	Flaundvöxtun eigna 2007
Lífeyrissj. starfsm. ríkisins	245,0	19,8	7,7	-0,8%
Lífeyrissj. verslunarmanna	268,8	29,8	10,7	1,1%
Gildi lífeyrissjóður	168,4	21,5	8,3	2,4%
Sameignaði lífeyrissjóðurinn	135,4	16,7 ¹⁾	5,3	0%
Alm. lífeyrissjóðurinn	143,8 ²⁾	-	7,8	-4,1-8,5%
Stafir lífeyrissjóður	94,3	19,0	5,9	0,90%

1) Samt við Giltir um sektur sjóðsins.
2) Tí vöðvar 12,6 milljónir vefðarandi framkvæfna.

Árslaun nokkurra lífeyrissjóðaforstjóra

29,8 millj.	21,5 millj.	19,8 millj.	19 millj.
Þorgeir Eydóttir Lífeyrissj. verslun.	Árni Guðmundsson Gildi - lífeyrissjóður	Haukur Hafsteinnsson LSR	Ólafur Sigurðsson Stafir lífeyrissj.

Árslaun
forstjóranna
duga fyrir
15 íbúðum
fyrir aldraða.

Morgunblaðið
10. desember 2008.

Grundvallarbreyting á málum aldraða



Geir H. Haarde

Aldraðir
hafa ekki tíma til
að bíða lengur



KYNSLÓÐIRNAR MÆTAST Á
KRINGLUKRÁNNI
föstudaginn 9. og laugardaginn 10. Janúar 2009



unglingahljómsveitin
POPS hellsar nýju ári!

með efurstjórnurnar
GUNNAR DÓRÐARSON og
MAGNÚS KJARTANSSON innanberis

Það verður rokkað feitt og allir gæmli góðu smellið með Eitlunum, Stones, Fínks, Fíðumum og fleirum teknir fístum tókum.

Miðasala við Innganginn frá kl. 22

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Þjóðleikhúsið
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Sumarljós

Jón Kalman Stefánsson
leikgerð og leikstjórn Hilmar Jónsson
Hrífandi, einlæg og æsandi sýning
lau. 10/1 örfá sæti laus
sun. 11/1 örfá sæti laus

Hart í bak

Jökull Jakobsson
Magnað verk sem snertir okkur öll.
★★★★ EB, FBL
fös. 9/1 örfá sæti laus

Klókur ertu, Einar Áskell

Bernd Ogrodnik
Krúttleg brúðsýning fyrir yngstu börnin
sun. 11/1 tvær sýningar
sun. 18/1 síðustu sýningar

Heiður

Joanna Murray-Smith
Frumskýning í
Kassanum 24. janúar

Miðasala í fullum gangi á
Kardemommubæinn!

WWW.LEIKHUSID.IS



Draugur í maskínunni

NOKKUR ORÐ
Kjartan
Guðmunsson



Þýsna merkileg frétt birtist hér í Fréttablaðinu í gær. Þar segir af bandaríska lögmanninum Stuart Peacock sem starfar fyrir bandarísk stjórnvöld, en hann náði duldarfullum fyrirbærum á ljósmynd hér á landi. Um er að ræða undarlega þoku sem sveimaði um Hólavallakirkjugarð á jóladag. Í fréttinni segir Magnús Skarphéðinsson, formaður Sálarrannsóknafélags Reykjavíkur, allmargar sannfærandi röksemdir liggja fyrir því hjá alvöru sálrannsóknafélögum heims að þetta sé raunveruleg ljósmynd af draug, þótt erfitt sé að fullyrða um slíkt.

Ekki veit ég hvað hann Magnús á við með því að erfitt sé að fullyrða að þokan á ljósmyndinni sé draugur. Fyrir mér liggur málið ljóst fyrir. Ef þoka næst á ljósmynd í kirkjugarði á jóladag hlýtur hreinlega að vera um

draug að ræða. Einhverjir efasemdarmenn væru eflaust líklegir til að flækja málin að óþörfu, til dæmis með því að benda á að þokan á myndinni gæti allt eins verið gufa sem stígur upp úr jörðinni, andgufa ljósmyndarans sjálfs eða einfaldlega hið sárásjaldgæfa veðurfyrirbrigði þoka. Aðrir gætu haldið því fram að hvítu skýin á myndinni orsakast af einhvers konar bilun í myndavélinni sem, eins og Peacock bendir á í fréttinni, er gömul og lúin. En það er auðvitað rakin vitleysa. Draugagangur er jú margfalt algengari en allir ofangreindir hlutir til samans.

Það er róandi að sjá að stjórnvöld valdamestu þjóðar heims hafi á sínum snærum svo árvökula og víðsýna menn sem ljósmyndarann Stuart. Best gæti ég trúað að í verkahring þessa mæta manns hafi verið að leita efnavopna í Írak á sínum tíma. Og ná vopnunum ógurlegu á ljósmynd.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




NÝJAR BÆKUR

Saga, tímarit Sögufélagsins, er nýkomið út, fjölbreytt að vanda. Þar er víðtal við Ullu-Majju Peltönen um munnlega sögu. Ritgerðir eru birtar eftir Þór Whitehead um skilyrði Komintern fyrir stofnun Sameiningarflokks alþýðu 1937, Auður A. Ólafsdóttir skrifar um ímyndar-skýrslu forsætisráðherra og landið í ímynd nokkurra myndlistarmanna, Birgir Guðmundsson og Markus Meckl fjalla um Ísland í skýrslum Stasi og Björn Ægir Norðfjörð skrifar um íslenskar heimildarmyndir. Fjórir viðhorfsgrænar eru í ritinu auk hugleiðinga Guðna Th. Jóhannessonar og Birnu Björnsdóttur. Þá er ljósmyndasýrpa frá stríðsárunum og ritdómar og ritfregnir.



Þá er komin út Fyrirbærafræði eftir Dan Zahavi sem fjallar um eina af höfuðstefnum heimspekinnar í samtímanum. Í bókinni er gerð skýr og skilmerkileg grein fyrir helstu hugtökum, aðferðum og stefjum í fyrirbærafræði fyrir og nú. Fjallað er um kenningar heimspekinga á borð við Husserl, Heidegger, Sartre og Merleau-Ponty. Meðal helstu álitamála sem glímt er við má nefna rúm og líkama, samkennd, kynni af öðrum vitundarverum og samband fyrirbærafræði og félagsfræði. Höfundur bókarinnar, Dan Zahavi, er prófessor við Kaupmannahafnarháskóla. Björn Þorsteinsson þýddi.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 9. janúar 2009

Tónleikar

19.30 Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói við Hagatorg þar sem flutt verða verk eftir Strauss, Lehár og fleiri. Einsöngvari á tónleikunum er Disella Lárusdóttir.
20.00 S.L.Á.T.U.R. samtökin standa fyrir nýrartónleikum með stórsveit fagottleikara í Frikirkjunni í Reykjavík þar sem 10 fagottleikarar leika nýja tónlist.
22.00 Trompetleikarinn Ari Bragi Kárason verður með tónleika á Prikínu við Bankastræti. Með Ara leika Jól Pálsson, Eyþór Gunnarsson, Daníel Fríðrik Böðvarsson, Pétur Sigurðsson og Einar Valur Scheving.



22.00 Á Bar 11 við Laugaveg spila hljómsveitirnar **Monuments, AMFI** og **Fist Fokkers**. Aðgangur er ókeypis.

Opnanir

Halldór Ásgeirsson opnar sýningu í **Gallery Turpentine**, Skólavörðustíg 14, 2. hæð. Sýningin ber heitið **Sálarskipið** og stendur til 25. janúar.

Síðustu forvöð

Á sunnudaginn lýkur tveimur sýningum í Gerðubergi. Það er ljósmyndasýning **Björns Sigurjónssonar** og sýning á olíumálverkum eftir **Halldóru Helgadóttur**. Opið virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16. Gerðuberg, Gerðubergi 3-5.

Dansleikir

Á **móti sól** leikur fyrir dansi á Players við Bæjarlind í Kópavogi. Unglingahljómsveitin **POPS** með Gunna Þórðar og Magga Kjartans spilar á Kringlukránni. **Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

Gefðu vatn
 Hjálparstarf kirkjunnar
 www.hkj.net

Sálarskipið er strand

Í dag kl. 17 mun Halldór Ásgeirsson opna myndlistarsýningu í nýjum húsakynnum Gallery Turpentine að Skólavörðustíg 14 í Reykjavík. Þangað flutti galleríið fyrir jól og er nú til húsa á annarri hæð í hornhúsi Óðinsgötu og Skólavörðustígs. Sýningu sína kallar Halldór Sálarskipið sem er tilvísun í ljóð Bólu-Hjálmars sem ort var um miðja níttjándu öld en á ekki síður brýnt erindi við Íslendinga nú á viðsjárverðum tímum. Á sýningunni ber meðal annars að líta svart/hvíta ljósmynd af síðutogara sem er að sökkva í hafíð og er táknræn fyrir núverandi ástand „sálarshipsins“. Blekteikningar á veggjum voru unnar með kalligrafiupenslum á handgerðan japanskan pappír

sem Halldór tók upp úr gömlum heimsspekibókum sem hann fann í fornbókaverslun í Kyoto í Japan meðan hann bjó þar árið 2007. Hraungríma sem hefur tvö andlit liggur ofan á glerkassa fylltum af blálituðum vatni og er upprunnin úr sambræðingi eldfjallanna Heklu, Puy de Dome í Frakklandi, Vesúvíusi á Ítalíu og Fuji í Japan. Hraunsteinarnir eru síðan bræddir saman á staðnum og mynda samræðu við máluð tákni á svörtum plexíglérplötum sem listamaðurinn teiknaði af fínlegum glerungnum sem myndast við bræðslu hraunsins. Myndmálið á þannig uppruna sinn úr iðrum jarðar. Sýningin mun standa til 25. janúar næstkomandi.



MYNDLIST Halldór Ásgeirsson sýnir í Turpentine verk unnin með blandaðri tækni.

VORNÁMSKEIÐIN HEFJAST Í FEBRÚAR

Söng- og gítarnámskeið fyrir fólk á öllum aldri



TÓNVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA - "DIGIDESIGN (PRO TOOLS) SPONSORED SCHOOL".

Söngur og framkoma

Margét Eir Hjartardóttir (Frostrósir) verður með þetta vinsæla námskeið nú fimmta árið í röð. Margrét Eir er nýlega komin heim úr söngkennaranámi frá New York. Hún kennir grunnraddbeitingu og tækni í bland við hvernig maður ber sig á sviði. Tekið er upp lag í hljóðveri en námskeiðið endar með tónleikum í sal F.Í.H. Sem fyrr er námskeiðið tíu vikna langt og hefst í febrúar. Þetta námskeið er kjörið fyrir þá sem hyggjast spreyta sig á áheyrnarprufum sjónvarpsstöðvanna, t.d. Idol Lengd námskeiðs: 10 vikur Aldur: Fyrir 14 ára og eldri.



Söngur og framkoma framhald

Fyrir þá sem hafa verið á námskeiðinu "söngur og framkoma" eða sambærilegu námskeiði bjóðum við nú upp á framhaldsnámskeið, þar sem farið er enn dýpra í raddtækni og aðferðir til að hlífa röddinni við óþarfa þreytu sem getur valdið hæsi og bólgu á raddböndum. Þetta er gagnleg tækni fyrir þá sem vinna við að beita röddinni mikið t.d. söngvarar, kennarar, fyrirlesarar, leikarar o.fl. Námskeiðið er jafn langt því fyrra. (10 vikur). Lengd námskeiðs: 10 vikur Aldur: Fyrir 14 ára og eldri.

Leiðbeinendur á námskeiðum eru: Hulda Dögg Proppé, Jón Jósep Sæbjörnsson, Margrét Eir Hjartardóttir, Vignir Snær Vigfússon, Gunnar Þór Jónsson, Hafþór Valur Guðjónsson, Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson og fleiri.

Námskeiðin hefjast í febrúar. Kennst verður í Kópavogi og Grafarvogi í Snælands- og Foldaskóla eftir að venjulegum skólatíma líkur. Skráningar á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is eða í síma 534 9090

Geymið auglýsinguna!

Barnanámskeið með Mamma Mia þema

Við erum þakklát þeim Jónsa og Huldu Dögg fyrir Barnanámskeiðið sem var með Evróvisjónþema og endaði með skemmtilegum tónleikum í sal F.Í.H. Nú leikum við okkur með hin frábæru ABBA lög og höldum námskeið með "MAMMA MÍA þema" Námskeiðið er 10 vikna langt og endar með Mamma Mia-tónleikum. Tónvinnsluskólinn á undirspil við lögin í myndinni og geta krakkarnir valið úr fjölda laga. Aftur verða Jónsi og Hulda Dögg leiðbeinendur. Í lok námskeiðs koma góðir gestir í heimssókn og syngja með krökkunum lögin góðu.

Fyrir þá sem nota frístundarkortin þá er komið nýtt "kortatímabil". Nánari upplýsingar á www.itr.is um möguleika Frístundakortsins. Lengd námskeiðs: 10 vikur

Hægt er að nota Frístundakort ÍTR til niðurgreiðslu á námskeiðum Tónvinnsluskólans.

Gítarnámskeið fyrir byrjendur

Viltu vera stjarnan í partýinu eða geta spilað lag fyrir ástina þína? Langar þig kannski að stofna hljómsveit? Þetta námskeið er kjörinn byrjunarreitir. Kennsla fer fram í hóptímum þar sem raðað er niður eftir stöðu hvers og eins. Markmið námskeiðsins er að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og kunni helstu gítargripin. Lengd námskeiðs: 12 vikur Aldur: Fyrir alla aldurs hópa.

Fyrir þá sem vilja læra meira

Við bjóðum lengra komnum gítarleikurum upp á einkakennslu þar sem farið er nánar í tækniatriði, þvergripin og kenndar verða upphafslínur og þekkt sóló úr lögum flytjenda á borð við Metallica, Led Zeppelin, Nirvana o.fl. Farið verður í uppbyggingu gítarsólóa og notkun skala í bland við skemmtileg "gítar-trix". Lengd námskeiðs: 12 einkatímar Aldur: Fyrir alla aldurs hópa.



TÓNVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA Sponsored Digidesign School

> POLIR EKKI BRÚÐKAUP

Leikkonan Anne Hathaway segist hata brúðkaup, þrátt fyrir að hún leiki brúður í nýjstu kvikmynd sinni, *Bride Wars*. Leikkonan, sem skildi við fyrr-unnusta sinn, Raffaello Follieri, eftir að hann var handtekinn og fangelsaður fyrir fjársvik, segir að brúðkaup hafi aldrei verið fyrir sig. Hathaway hefur samt leikið í ófáum brúðkaupsmyndum og er nú kennd við leikarann Adam Shulman.



fólk

folk@frettabladid.is

Abba-æðið mest hér á landi

Óhætt er að segja að Íslendingar hafi tekið mikið Abba-æði í fyrra. Við flykkstumst á *Mamma Mia*-myndina og tónlistin úr henni varð næstmest seldu plata ársins á Íslandi, seldist í 11.500 eintökum. Þetta er mest seldu erlenda platan á Íslandi í áráraðir og 3,6 prósent þjóðarinnar keypti eintak. Miðað við þessa sölu má draga þá ályktun að við séum mestu Abba-aðdáendur í heimi – miðað við fólksfjölda. Platan varð reyndar víðast hvar mest seldu platan í flokki tónlistar úr kvikmyndum, en sé miðað við hana eru aðrar algjörir Abba-amatörar í samanburði við okkur.

Í Bretlandi, þar sem mikið Abba-æði hefur ríkt lengi, seldist platan til að mynda í rúmlega milljón eintökum.

Bretar eru nú um 61 milljón talsins, eða 191 sinni fleiri en Íslendingar. Platan hefði því þurft að seljast í tveimur milljón og 196 þúsund eintökum til að jafna íslenska Abba-metið. Aðeins 1,6 prósent Breta fengu sér eintak.

Meira að segja sjálfir Svíar eru minni aðdáendur Abba en við, eða að minnsta kosti minni aðdáendur *Mamma Mia*-myndarinnar. Þar seldist platan í um 120 þúsund eintökum. Svíar eru um níu milljónir talsins svo það var ekki nema 1,3 prósent þjóðarinnar sem keypti sér eintak.

ÍSLENDINGAR MEG ABBA-ÆÐI Keyptum mest af *Mamma Mia* – miðað við fólksfjölda.



VINSÆLUSTU LÖG SÍÐASTA ÁRS

Mest spiluðu lögin 2008 á Rás 2

1. Hjaltalín - *Þú komst við hjartað í mér*
2. Dikta - *Just getting started*
3. Duffy - *Mercy*
4. Kings of Leon - *Sex on fire*
5. Díska - *Anniversary*

Mest keyptu lögin 2008 á Tónlist.is

1. Hjaltalín - *Þú komst við hjartað í mér*
2. Ingó og Veðurguðirnir - *Bahama*
3. Mercedes Club - *Ho, Ho, Ho we say Hey hey hey*
4. Haffi Haff - *The Wiggle Wiggle Song*
5. Eurobandið - *This is my life*

Svimandi STEF-tékki til Togga

Nú þegar Rás 2 hefur birt lista sinn yfir mest spiluðu lögin og Tónlist.is hefur birt lista yfir mest seldu lögin er alveg á hreinu hvaða lag stendur upp úr á síðasta ári. „Þú komst við hjartað í mér“ í flutningi Hjaltalín kom svo sannarlega við hjartað, eða að minnsta kosti eyrun, á Íslendingum. Höfundur lagsins er Toggi.

„Maður hefði haldið að það væri röð út úr dyrum hjá mér af fólki að biðja um lög út af þessu Hjaltalín-lagi, en svo hringir bara enginn!“ segir Toggi og hlær. „Ég held það sé aðallega út af því að fólk veit ekki símanúmerið hjá mér. Og ég á svo sem engin lög á lager. En ég sem best undir pressu.“

Góður árangur lagsins mun væntanlega skila sér í spikfeitum STEF-tékka í desember. „Ég hef alltaf fengið ágæta tékka frá STEF síðan ég byrjaði að senda frá mér lög en nú svimar mig við tilhugsunina um næsta tékka,“ segir Toggi og bætir við glottandi: „Ég er bara hundsvekkur yfir að hafa leyft Palla að semja textann. Ef ég hefði samið hann sjálfur hefði ég hirt allt.“

Lagið kom fyrst út með Páli Óskari fyrir jólin 2007 en fór



SEMUR BEST UNDIR PRESSU Toggi kemur með nýja plötu með hljómsveit á þessu ári.

fyrst gjörsamlega á flug þegar hljómsveitin Hjaltalín gerði sína útgáfu í vor. „Þetta var nú bara lag sem ég var búinn að vesenast með lengi. En ég get ekki annað en verið sáttur við síðasta ár. Til dæmis miðað við það að hljómsveitin mín hefur ekkert starfað síðan í sumar.“

Toggi gaf út sólóplötuna *Puppy* árið 2006 og hefur starfrækt hljómsveit undir nafninu Toggi síðan þá. Í fyrra komu út tvö lög, „Wonderful“, sem er 18. mest spilaða lagið á Rás 2, og „Silly old song“. „Það kom út tveimur vikum fyrir jól, sem er fánæg-

ur tími til að gefa út lög,“ segir Toggi. Hann segir nýja plötu koma út á þessu nýbyrjaða ári. „Þetta sem byrjaði sem hljómsveit í kringum lögin mín er að þróast í sjálfstæða hljómsveit. Við erum að leita að nafni og ætlum á fullt. Það ætti ekki að klúðrast hjá okkur að gefa út plötu í ár. Ég hef þá Togga-nafnið út af fyrir mig og þarf ekki að gera málamiðlanir þegar ég gef út undir því nafni. Ég get til dæmis núna gefið út polka-plötuna sem mig hefur alltaf langað til að gera.“

drgunni@frettabladid.is

HÁTÍÐARDAGAR HEILSUNNAR Á SALATBARNUM 7.-9. JANÚAR

fyrir einn

VERÐ AÐEINS KR. 1500 FYRIR TVÖ!

Faxafen 9 • Sími 588 0222
www.salatbarinn.is

Kellogg's Special K kemur mér á sporið

Við fjölskyldan borðum alltaf morgunmat, eins og t.d. Kellogg's Special K. Það auðveldar mér líka að komast á sporið á ný eftir jólaboðin og áramótin. Með vel samsettum morgunmat hættir mér líka miklu síður til að detta í óhollustu á miðjum morgni eða fituríkan skyndibita í hádeginu. Eftir allt laufabrauðið og heimagerða konfektíð mitt yfir jólin er frábært að eiga gómsæta Special K stöng að grípa til. Þá þarf ég heldur ekki að hafa neinar áhyggjur af því að innbyrða of margar hitaæiningar.



Mig langar til að ...

... geta verið löt að loknum vinnudegi þegar börnin eru sofnuð enda eru letiköst eitt helsta áhugamál mitt. Í sjónvarpsófanum með Kellogg's Special K bliss og góða bíómynd. Er það ekki bara allt í lagi?

Kristjana Guðbrandsdóttir, blaðamaður og móðir

specialk.is

RISA- ÚTSALA ELLINGSEN



Pallahitari

27.900 kr.

Verð áður 44.176 kr.

Flame-gasgrill
2ja brennara



34.990 kr.

Verð áður 54.990 kr.

Flame-gasgrill
3ja brennara



39.990 kr.

Verð áður 59.990 kr.

Flame-gasgrill
4ra brennara



44.900 kr.

Verð áður 69.900 kr.

20-50%

AFSLÁTTUR AF GRILLUM OG GASVÖRUM

20-70%

AFSLÁTTUR AF COLUMBIA-FATNAÐI

Columbia
Sportswear Company.



20-50%

AFSLÁTTUR AF DEVOLD
MULTISPORT-FATNAÐI



DEVOLD



20-50%

AFSLÁTTUR AF SKOTVEIÐIVÖRUM
OG FATNAÐI



DAXARA

Daxara 107



42.320 kr.

Verð áður 52.900 kr.

20%

AFSLÁTTUR AF KERRUM

Daxara 147



79.120 kr.

Verð áður 98.900 kr.

20-50%

AFSLÁTTUR AF STANGVEIÐIVÖRUM
OG VEIÐIFATNAÐI



LEEP

20-50%

AFSLÁTTUR AF BARNA-, DÖMU-
OG HERRAGÖNGUSKÓM



17.900 kr.

Verð áður 34.806 kr.

50%

AFSLÁTTUR AF
KOMDA-REIÐHJÓLUM



18.900 kr.

Verð áður 36.284 kr.



22.900 kr.

Verð áður 43.678 kr.

Batman með fimm verðlaun

Batman-myndin *The Dark Knight* kom, sá og sigraði á People's Choice-verðlauninum sem voru afhent í 35. sinn á miðvikudagskvöld. Myndin hlaut fimm verðlaun, þar á meðal fyrir besta leikaraliðið og bestu hasarmynd ársins.

„Fyrir hönd allra sem léku í myndinni vil ég þakka aðdáendur okkar kærlega fyrir,“ sagði Christian Bale sem leikur Batman. „Þetta er fyrir Heath,“ sagði hann og átti þar við Heath Ledger sem lék Jókerinn á eftirminnilegan hátt. Reese Witherspoon, sem lék í



THE DARK KNIGHT Batman, Jókerinn og félagar voru sigurveggar People's Choice-verðlaunanna.

Four Christmases á síðasta ári, var valin besta leikkonan og Will Smith besti leikarinn. „Það er frábært að byrja árið svona,“ sagði

Witherspoon, sem vann Óskarinn árið 2005 fyrir hlutverk sitt í *Walk the Line*. *Dancing With the Stars* var valinn besti raunveruleikaþátturinn, *House* besti dramabátturinn í sjónvarpi, *Two and a Half Men* besti gamanþátturinn og *Wall-E* var fjölskyldumynd ársins.

People's Choice Awards eru nokkurs konar vinsældaverðlaun sem eru valin með atkvæðagreiðslu almennings á netinu. Meira var gert úr verðlauninum í ár en í fyrra þegar hátíðin var ekki sýnd í beinni útsendingu vegna verkfalls handritshöfundna í Hollywood.

Draugabannar í Vantrú

„Við erum afar skeptísk á þessa drauga,“ segir Matthías Ásgeirsson formaður Vantrúar sem er félagsskapur sem berst gegn hindurvitnum.

Frétt Fréttablaðsins í gær, þar sem sýnd er og sagt frá mynd sem bandaríski lögmaðurinn Stuart Peacock tók í Hólavallakirkjugarði um jól og sýnir, að því er virðist, drauga eða framliðna anda á kreiki í kirkjugarðinum, vekur litla hrifningu meðal félagsmanna Vantrúar. Félagar þar gefa afskaplega lítið fyrir þessi tíðindi og segja að blaðamaður Fréttablaðsins hljóti að vera draugfullur. „Við ljósmyndanórdar vitum að þarna er líklega um andardrátt í frosti að ræða. Sem flass myndavélarinnar fangar,“ segir Matthías. Og telur afar spaugilegt að Magnús Skarphéðinsson, formaður Sálarrannsóknafélags

Reykjavíkur, skuli við hvert og eitt einasta tækifæri sem býðst staðfesta tilvist drauga. En Fréttablaðið leitaði til Magnúsar sem sérfróðs á þessu sviði. „Hann þarf ekki annað en líta í spegil til að sjá draug. Þegar Magnús mætti í Kastljós fyrir skemmstu og sýndi þar mynd af draug reyndist um vörðu að ræða. Allar myndir sem hann sér, þar eru draugar. Annar draugur var augljóslega ól á myndavél og mýflugur urðu að álfum,“ segir Matthías og minnir á draugabanaþjónustu Vantrúar – en verði fólk fyrir ofsóknum drauga komi Vantrúarmenn og kveði þá niður. - jþ

MATTHÍAS ÁSGEIRSSON Leggur engan trúnað á að herra Peacock lögmaður hafi fest draug á filmu heldur sé um andardrátt ljósmyndarans að ræða sem flassið fangar.



NÝTT Í BÍÓ!

WILL SMITH SEVEN POUNDS LÚXUS

EINHVERFA Í NÝJU LIÓSI

SÓLSKINS DRENGURINN

HÖRKU HASAR MED JASON STATHAM Í AÐALHLUTVERKI!

BRÁÐSKEMMILEG ÆVINTÝRAMYND

TRANSPORTER 3

AUSTRALIA

INKHEART

QUANTUM OF SOLACE

THE DAY THE EARTH STOOD STILL

TAKEN

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

REGNBÖGINN Sími 551 9000 **650 kr.**

ÓDÝRT Í BÍÓ!

SEVEN POUNDS D	kl. 5 - 10:15	L	TRANSPORTER 3	kl. 6 - 8 - 10	16
SEVEN POUNDS LÚXUS D	kl. 5 - 10:15	L	AUSTRALIA	kl. 6:30 - 10	12
TRANSPORTER 3	kl. 5 - 10:15	16	INKHEART	kl. 5:50 - 8 - 10:10	10
AUSTRALIA D	kl. 4 - 10:15	12	THE DAY THE EARTH...	kl. 8 - 10:20	12
INKHEART	kl. 5	10	QUANTUM OF SOLACE	kl. 5:30	12
SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ	kl. 4	L			
THE DAY THE EARTH...	kl. 10:15	12			

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

SÓLSKINS DRENGURINN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L	SEVEN POUNDS	kl. 8 - 10:10	L
SEVEN POUNDS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L	AUSTRALIA	kl. 7	12
AUSTRALIA	kl. 5:30 - 9	12	SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ	kl. 5:50	L
SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ	kl. 6	L	INKHEART	kl. 5:50	10
TAKEN	kl. 8 - 10	16	SAW 5	kl. 10:10	16

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIDANN Á **mid.is**

FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIDANN MED KREDITKORTI

AUKAKRÖNUR

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARAS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

CHANGELING

TAKEN

Bráðskemmtileg mynd þar sem heimur galdra og ævintýra lítnar við

SÝNINGARTÍMAR

CHANGELING	kl. 6 og 9	16
BOLT 3D - ÍSLENSKT TAL	kl. 4	L
INKHEART	kl. 4, 6, 8 og 10	10
SKOPPA OG SKRÍTLA	kl. 4	L
TAKEN	kl. 6, 8 og 10	16

FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIDANN MED KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÖNUR

SAMBÍÓIN

Svalasta glæpamynd í áráraðir

ROCKNRÖLLA

CHANGELING

YES MAN

THE SPIRIT

THE BOLT

ÁLFABAKKA

ROCKNRÖLLA	kl. 5:40 - 8 - 10:30	16
CHANGELING	kl. 5 - 8 - 10:40	16
YES MAN	kl. 3:40 - 6 - 8D - 10:20D	7
YES MAN	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	VIP
THE SPIRIT	kl. 8:20 - 10:30	12
BOLTI 3-D m/isl. tali	kl. 3:40(3D) - 5:50(3D)	L
CITY OF EMBER	kl. 3:40 - 5:50	7
TWILIGHT	kl. 8 - 10:20	12
MADAGASCAR 2 m/isl. tali	kl. 3:40	L

SELFOSS

YES MAN	kl. 8 - 10:20	7
BOLTI m/isl. tali	kl. 6	L
SKOPPA OG SKRÍTLA m/isl. tali	kl. 6 kr. 700	L
CITY OF EMBER	kl. 8	7
APPALOOSA	kl. 10:20	16

AKUREYRI

THE CHANGELING	kl. 6 - 9	16
BOLT m/isl. tali	kl. 6	L
YES MEN	kl. 8	7
THE SPIRIT	kl. 10	12

KEFLAVÍK

ROCKNRÖLLA	kl. 8 - 10:20	16
YES MAN	kl. 8 - 10:20	7
BOLT m/isl. tali	kl. 6	L
FOUR CHRISTMASSES	kl. 6	L

SparBíó 550 KR Á MYNDIR MERKTAR MED APPELSÍNUGILU 850 KR Á DIGITAL PÓVÓÐ MERKT MED GRÆNU

Tilkynning um innlausn hlutabréfa í Icelandic Group hf.

Eignarhaldsfélagið IG ehf. hefur eignast meira en 9/10 hluta af hlutafé í Icelandic Group hf. í 24. og 25. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög er heimild fyrir hluthafa sem á meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagn, að fara fram á að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn á hlutum sínum. Eignarhaldsfélagið IG ehf. og stjórn Icelandic Group hf. hafa komist að samkomulagi um að sá réttur verði nýttur.

Samkvæmt hlutafélagalögum skal tilkynning um innlausn birt með sama hætti og aðalfundarboð. Kveða samþykktir félagsins á um að það skuli gert með auglýsingu í dagblaði eða á annan sannanlegan hátt.

Stjórn Eignarhaldsfélagsins IG ehf. hefur ákveðið að innlausnarverð taki mið af nafnvirði hlutafjár og miðast innlausnarverði því við kaupgengið 1,0 kr. Með vísan til þess að eigið fé Icelandic Group hf. samkvæmt 9 mánaða uppgjöri 2008 var neikvætt um 23.952 þús. EUR telja stjórn Eignarhaldsfélagsins IG ehf. og stjórn Icelandic Group hf. innlausnarverðið vera hluthöfum hagstætt.

Hlutafjareign hluthafa tekur mið af stöðu þeirra eftir að hlutafé Icelandic Group hf. var lækkað til jöfnunar taps líkt og samþykkt var á hluthafafundi félagsins þann 11. nóvember 2008.

Hluthafar eru hér með hvattir til að samþykkja innlausnina og framselja hlutabréf sín í Icelandic Group hf. til Eignarhaldsfélagsins IG ehf. hið fyrsta og eigi síðar en innan fjögurra vikna frá upphafi innlausnartímabilsins, þ.e. fyrir 19. janúar 2009. Innlausnarverðið verður greitt til hluthafa að loknum framangreindum fresti.

Þeir hluthafar sem ekki samþykkja innlausnina með rafrænum hætti á vefslóð NBI hf. (hér eftir nefndur Landsbankinn), www.landsbanki.is fyrir 19. janúar 2009 fá söluandvirði hluta sinna greitt á á geymslureikning á nafn rétthafa. Frá þeim tíma telst Eignarhaldsfélagið IG ehf. réttur eigandi hlutabréfanna og hlutabréf fyrri eiganda ógild, sbr. 25. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Hlutafélagalög mæla svo fyrir um að vakin skuli athygli á því að vilji hluthafar sem sæta þurfa innlausn ekki sætta sig við skilmála innlausnarinnar og matsgrundvöll innlausnarverðsins megi hluthafar skjóta því til ákvörðunar matsmanna sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi Icelandic Group hf. Ef ákvörðun matsmanna leiðir til herra innlausnarverðs en boðið er, gildir það fyrir alla sem sæta verða innlausninni. Kostnaður við ákvörðun verðsins greiðir sá sem innlausnarinnar krefst nema dómstóll telji, vegna sérstakra ástæðna, að viðkomandi minnihluti hluthafa skuli að nokkru eða öllu leyti greiða kostnaðinn.

Hluthafar geta framselt hluti sína í Icelandic Group hf. á vefsíðu Landsbankans, www.landsbanki.is. Hluthöfum er bent á að hafa samband við Fjármálaráðgjafa Landsbankans í síma 410 4040 ef óskað er frekari upplýsinga.

Eignarhaldsfélagið IG ehf.

ICELANDIC GROUP

Skemmtilegasta
ÚTSALA
landsins hefst í dag kl.10!



Laugavegi · Kringlunni · Leifstöð
www.skifan.is

25%
LÁGMARKSAFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM!



25-90%
AFSLÁTTUR

Ótrúlegt úrval af geislaplötum, DVD og tölvuleikjum á hlægilegu verði.

Athugið að það er opið til kl. 22:00 öll kvöld í Skífunni Laugavegi.

> KR getur unnið sögulegan sigur

KR-ingar geta unnið sögulegan sigur í Seljaskólanum í kvöld þegar þeir sækja ÍR-inga heim í 12. umferð Iceland Express-deild karla. KR-liðið er þriðja liðið í sögu úrvalsdeilda karla sem nær að vinna alla leiki sína fyrir áramót en hvorugu hinna liðanna (Grindavík 2003-04, Keflavík 2007-08) hefur tekist að vinna fyrsta leikinn á nýju ári. KR hefur unnið alla 20 mótstleiki vetrarins og hefur ekki tapað leik síðan ÍR-ingar slógu þá út úr úrslitakeppninni í oddaleik í DHL-höllinni í vor. Hreggviður Magnússon (sjá mynd) var með 29 stig í þeim leik eða 20 stigum meira en stíghæsti Íslendingurinn í KR-liðinu.

sport
sport@frettabladid.is



VIKTOR UNNAR ILLUGASON: KOMINN HEIM ÚR ATVINNUMENNSKU OG GERÐI TVEGGJA ÁRA SAMNING VIÐ VAL

Stefnan sett á að vinna titilinn með Valsmönnum

Framherjinn efnilegi Viktor Unnar Illugason hefur ákveðið að snúa aftur heim eftir rúmlega tveggja ára dvöl hjá enska félaginu Reading en hann skrifaði undir tveggja ára samning við Val í gær.

„Ég var búinn að pæla í að koma aftur heim í nokkurn tíma. Valsmenn settu sig svo í samband við mig og eftir að hafa hugsað mig aðeins um þá ákvað ég að stökkva á þetta og náði að fá mig lausan undan samningi hjá Reading sem átti upphaflega að gilda út yfirstandandi keppnistímabil. Ég er nú þegar búinn að spila fjóra æfingarleiki fyrir Val og list vel á strákana í liðinu og Willum Þór Þjálfara og hlakka til að sýna mig og sanna í íslensku deildinni. Stefnan er náttúrulega sett á að vinna titilinn með Valsmönnum og þess vegna valdi ég að fara þangað,“ segir hinn tæplega nítján ára Viktor Unnar ákveðinn.

Viktor Unnar var nálægt því að ganga í raðir Þróttara síðasta sumar en varð að hætta við vegna álagsmeiðsla og er rétt að vinna sig út úr þeim núna.



„Ég fékk álagsbrot í hryggjarliði í bakinu og það er búið að taka sinn tíma að vinna sig út úr því en ég er orðinn ágætur núna.“

Viktor Unnar var aðeins 16 ára gamall þegar hann ákvað að fara í víking haustið 2006 og skrifa undir þriggja ára samning við Reading og hann kveðst hafa lært mikið af veru sinni þar.

„Það er engin spurning að ég lærði heimleikið, bæði innan vallar sem utan, af því að vera þarna úti og þetta var mjög gaman. Ég lærði mikið hvernig maður á að spila sem framherji varðandi staðsetningar og tækni við að skýla boltanum og náttúrulega ýmislegt annað bara með því að vera að æfa sem atvinnumaður við toppaðstæður,“ segir Viktor Unnar.

Viktor Unnar er nú staddur á Englandi að ganga frá sínum málum þar og notar einnig tækifærið til þess að kíkja á völinn um helgina.

„Ég er United-maður og er að fara að sjá United taka á móti Chelsea. Ég reikna fastlega með því að United taki þetta enda hef ég ekki enn þá séð þá tapa þegar ég fer á völinn,“ segir Viktor Unnar vongóður að lokum.

ÚRSLIT

Æfingamót í handbolta

Ísland 2012-Serbía 28-31
Mörk Íslands: Freyr Brynjásson 6, Bjarni Fritzon 5, Kári Kristján Kristjánsson 5, Hannes Jón Jónsson 3, Arnór Gunnarsson 3, Oddur Grétarsson 2, Fannar Friðgeirsson 2, Sigurður Ari Stefánsson 1, Ólafur Guðmundsson 1.
Varin skot: Ólafur Haukur Gíslason 10, Pálmar Pétursson 6/1.

Iceland Express-deild karla

Þór-Keflavík 76-93
Stig Þórs: Guðmundur Jónsson 24, Ólafur Torfason 13, Jón Orrí Kristjánsson 12, Konrad Tota 10, Sigmundur Eiríksson 7, Sigurður Sigurðsson 6, Hrafn Jóhannesson 3, Baldur Jónasson 1.
Stig Keflavíkur: Hörður Axel Vilhjálmsson 20, Sigurður Þorsteinsson 14, Vilhjálmur Steinarsson 12, Jón Hafsteinnsson 11, Sverrir Sverrisson 10, Þróstur Leó Jóhannsson 9, Elvar Sigurjónsson 8, Gunnar Stefánsson 5, Gunnar Einarsson 2, Eldur Ólafsson 2.

Stjarnan-Grindavík 90-88

Stig Stjarnunnar: Justin Shouse 27 (8 stoðs.), Fannar Freyr Helgason 24 (16 frá., 7 stoðs.), Jovan Zdravovski 14 (8 stoðs. 7 frá.), Guðjón Hrafn Lárusson 12 (18 mín), Kjartan Atli Kjartansson 11, Ólafur Jónas Sigurðsson 2.
